



ÁRSSKÝRSLA 2024

Hæstiréttur Íslands | Landsréttur | Héraðsdómstólarnir | Endurupptökudómur | Dómstólasýslan



DÓMSTÓLASÝSLAN

Ársskýrsla 2024
Hæstiréttur Íslands
Landsréttur
Héraðsdómstólar
Endurupptökudómur
Dómstólasýslan

*Ársskýrslan er unnin og gefin út til samræmis við 4. tölul. 8. gr. laga um dómstóla nr. 50/2016

Hönnun og umbrot:

Kría hönnunarstofa

Myndir:

Gunnar Sverrisson og
Kría hönnunarstofa

Mynd á forsíðu:

Öxarárfoss á Þingvöllum
Shutterstock

Útgefandi:

Dómstólasýslan
Suðurlandsbraut 14, 3. hæð
108 Reykjavík.
S: 432 5010

EFNISYFIRLIT

Inngangur	4
Hæstiréttur Íslands	6
Landsréttur	7
Héraðsdómstólar	8
Endurupptökudómur	9
Heilsíða - kort af landinu með staðsetningum	10
Starfsfólk dómstóla við árslok 2024.....	11
Dómstólasýslan	13
Stjórn dómstólasýslunnar	14
Starfsemi dómstólasýslunnar 2024.....	15
Sameiginleg stefna dómstóla	16
Stafrænt dómskerfi	18
Upplýsingagjöf og fræðsla.....	21
Viðburðir, fræðsla og samráðsfundir	23
Mannauður og færni	29
Húsnæðis- og öryggismál	34
Önnur verkefni og sjálfstæðar nefndir með aðsetur hjá dómstólasýslunni	35
Reglur	35
Skipun skiptastjóra	35
Um útgáfu dóma og úrskurða á vefsíðum dómstóla	36
Sérfróðir meðdómsmenn	37
Nefnd um dómarastörf	37
Dómnefnd um hæfni umsækjenda um embætti dómara	37
Sjálfbærni og umhverfisvitund.....	38
Málatölur	39
Hæstiréttur.....	41
Landsréttur	45
Héraðsdómstólarnir	49
Endurupptökudómur	55
Fjárheimildir dómstóla samkvæmt fjárlögum 2024.....	56

INNGANGUR

Viðfangsefni dómstólasýslunnar á árinu 2024 voru fjölbreytt. Í samræmi við gildandi stefnu dómstólasýslunnar og dómstóla hefur meginþungi í starfseminni lotið að verkefnum sem tengjast stafrænni málsmeðferð, bættri upplýsingagjöf og fræðslu um starfsemi dómstóla, húsnæðis- og öryggismálum svo og mannauði og færni.

Meðal meginmarkmiða í stefnu dómstólasýslu og dómstóla er að tryggja skilvirkni og gæði í starfsemi dómstóla. Þessi markmið eru nátengd grundvallarreglum um réttláta og opinbera málsmeðferð. Á ári hverju eru teknar saman tölulegar upplýsingar um fjölda innkominna og afgreiddra mála og málsmeðferðartíma hjá dómstólum á öllum þremur dómstigum. Tölurnar gefa ákveðnar vísbendingar um þróun álags og afkasta og hvort málsmeðferðartími sé hæfilegur.

Almennt má segja að tölur um fjölda innkominna og afgreiddra mála í flestum málategundum hjá héraðsdómstólum sýni að heildarálag á þessu dómstigi hafi haldist nokkuð stöðugt síðustu ár. Þá er ljóst að héraðsdómstólar nir náðu að afgreiða fleiri mál 2024 en þeim bárust á árinu og halda svipuðum málsmeðferðartíma og á liðnum árum. Sé hins vegar rýnt nánar í fjölda mála í einstaka mála-flokkum kemur í ljós að rannsóknar- og gæsluvarðhalds-beiðnum frá lögreglu hefur fjölgað verulega ár frá ári svo og kærum í sakamálum til Landsréttar. Þá eru sakamál sem berast héraðsdómstólum orðin þyngri í rekstri og málum þar sem sakborningar eru margir hefur fjölgað talsvert. Þessari þróun fylgir ekki aðeins aukið álag, heldur einnig áskoranir við skipulag þinghalda og öryggi í húsnæði héraðsdómstóla og Landsréttar.

Hjá Landsrétti urðu þau tíðindi á árinu 2024 að heildarfjöldi innkominna mál fór í fyrsta sinn yfir 1000, en málum við réttinn hefur fjölgað stöðugt allt frá árinu 2020. Rétturinn afgreiddi einnig í fyrsta skipti yfir 1000 mál og raunar nokkuð fleiri mál en komu inn á árinu. Miðgildi málsmeðferðartíma í áfrýjuðum einkamálum var yfir 400 dagar á árinu 2024 sem er áhyggjuefni. Málsmeðferðartími í sakamálum frá því að málin eru þingfest hjá réttinum, þ.e. þegar öll gögn hafa borist frá ákærvaldinu, er vel ásættanlegur. Það er hins vegar viðvarandi áhyggjuefni hversu langur tími líður frá því að máli er áfrýjað og þar til ákærvaldið leggur fram gögn máls í Landsrétti. Sá tími hefur lengst ár frá ári og var 2024 nær 180 dagar að meðaltali. Stærstan hluta þess tíma bíður málið hjá ákærvaldinu. Afar mikilvægt er að ákærvaldið bregðist við og stytta biðtímann verulega.

Fjöldi innkominna mála hjá Hæstarétti er svipaður og verið hefur en rétturinn afgreiddi heldur fleiri mál 2024 en á fyrra ári. Málsmeðferðartími hefur haldist nokkuð stöðugur og er um 200 dagar í bæði áfrýjuðum einkamálum og sakamálum.

Leita þarf leiða til að stytta málsmeðferðartíma í einkamálum, bæði hjá héraðsdómstólum og hjá Landsrétti, án þess að það bitni á gæðum málsmeðferðar og úrlausna. Í málstofu um þriggja þrepa dómskerfi sem Hæstiréttur og dómstólasýslan stóðu fyrir í nóvember 2024 var meðal annars fjallað um mögulegar leiðir í þeim efnum. Nánar er gerð grein fyrir málstofunni hér í ársskýrslunni og ársskýrslu Hæstaréttar.


Aukin skilvirkni og gæði málsmeðferðar eru meðal meginmarkmiða stafrænnar þróunar hjá dómstólum. Unnið var áfram að því á árinu að undirbúa dómstóla bæði tæknilega og lagalega til að þeir geti starfað í auknum mæli í stafrænu umhverfi.

Með breytingum á lögum um meðferð einkamála, lögum um meðferð sakamála og lögum um gjaldþrotaskipti, sem tóku gildi 1. júlí 2024, voru tekin mikilvæg skref til að gera réttarfarslöggjöfina tæknilega hlutlausa. Breytingarnar gerðu það mögulegt að nýta í auknum mæli rafrænar lausnir til samskipta við rekstur dómsmála og eftir atvikum til fjarþinghalda. Dómstólasýslan setti í kjölfarið reglur á grundvelli laganna, annars vegar um form og afhendingarmáta dómskjala og rafrænar staðfestingar og hins vegar um fjarþinghöld. Á grundvelli fyrrnefndu reglnanna er dómstólasýslunni falið að ákvarða í hvaða ákærumálum skjöl skuli eingöngu berast dómstólum á rafrænu formi um svonefnda réttarvörslugátt og í hvaða ákærumálum skjöl skuli berast þeim bæði á pappír og á rafrænu formi. Þar sem lög um meðferð einkamála gera enn ráð fyrir því að leggja þurfi fram skjöl á pappír miðast ákvarðanir um að skjöl skuli eingöngu berast dómstólum á rafrænu formi um réttarvörslugátt við tiltekin sakamál. Reynsla af notkun réttarvörslugátta við héraðsdómstóla og Landsrétt hefur almennt verið mjög góð og virðist notkun hennar fylgja talsvert hagræði við meðferð mála. Þess má einnig geta að árið 2024 hóf Hæstiréttur móttöku beiðna um áfrýjunarleyfi og viðbrögð gagnaðila við þeim rafrænt um þjónustugátt. Nær öllum gögnum er nú skilað um þessa gátt, með góðum árangri.

Eins og nánari grein er gerð fyrir í ársskýrslunni var unnið að fjölmörgum öðrum verkefnum á árinu, þar á meðal að viðbrögðum við úttektum Ríkislögreglustjóra á öryggismálum í húsnaði dómstóla og símenntun dómara og annars starfsfólks með námskeiðum, málstofum og fræðslufundum fyrir dómara og annað starfsfólks, svo og alþjóðlegri samvinnu. Þá er ótalin viðvarandi barátta við að tryggja dómstólum nægar fjárheimildir til að standa undir rekstri dómstóla og nauðsynlegum úrbótum á öryggi í húsnaði þeirra.

Sigurður Tómas Magnússon
formaður stjórnar

Kristín Haraldsdóttir
framkvæmdastjóri



DÓMSTÓLAR

Hæstiréttur Íslands

Hæstiréttur er æðsti dómstóll þjóðarinnar. Hann tók formlega til starfa 16. febrúar 1920 og hefur aðsetur í Reykjavík. Í Hæstarétti eiga sæti sjö dómarar og eru þeir skipaðir ótímabundið í embætti. Hæstiréttur hefur frá árinu 2018 starfað sem fordæmisgefandi dómstóll á þriðja dómstigi. Hæstiréttur ákveður hvaða mál eru tekin til meðferðar og kveður upp dóma sem ætlað er að vera fordæmisgefandi, með sama hætti og gildir annars staðar á Norðurlöndum. Við Hæstarétt er kjörinn forseti og varaforseti til fimm ára í senn. Forseti Hæstaréttar skipar dómstólnum skrifstofustjóra til fimm ára í senn og ræður til starfa lögfræðinga og aðra starfsmenn.

Benedikt Bogason er forseti Hæstaréttar og Ingveldur Einarsdóttir var varaforseti til og með 31. júlí 2024. Sigurður Tómas Magnússon var kjörinn varaforseti Hæstaréttar frá 1. ágúst 2024. Skrifstofustjóri Hæstaréttar er Ólöf Finnsdóttir. Löglærðir aðstoðarmenn eru þrír og aðrir starfsmenn þrír. Sjá nánar [ársskýrslu Hæstaréttar 2024](#).



Landsréttur

Landsréttur var settur á fót 1. janúar 2018 þegar ný lög um dómstóla tóku gildi. Dómstigin urðu þar með þrjú í stað tveggja áður og er Landsréttur millidómstig á Íslandi. Landsréttur hefur aðsetur í Kópavogi en tekur til landsins alls. Í Landsrétti eiga sæti sextán dómarar. Þeir eru skipaðir ótímabundið í embætti. Þrír dómarar skipa dóm í hverju máli en þó er unnt í undantekningartilvikum að skipa dóminn fimm dómurum. Sú heimild var nýtt í einu máli á árinu 2024. Til Landsréttar er unnt að skjóta úrlausnum héraðsdómstólanna átta og verða úrlausnir hans endanlegar í flestum málum. Í sérstökum tilvikum eða að fengnu leyfi Hæstaréttar Íslands má skjóta niðurstöðum Landsréttar til Hæstaréttar. Við Landsrétt er kjörinn forseti og varaforseti til fimm ára í senn. Forseti Landsréttar skipar dómstólnum skrifstofustjóra til fimm ára í senn og ræður lögfræðinga og aðra starfsmenn.

Forseti Landsréttar er Hervör Þorvaldsdóttir og varaforseti var Davíð Þór Björgvinsson til og með 31. ágúst 2024. Eiríkur Jónsson var kjörinn varaforseti Landsréttar frá 1. september 2024. Skrifstofustjóri Landsréttar til ársloka 2024 var Gunnar Viðar en þá tók Erna Sigríður Sigurðardóttir við embættinu. Hjá Landsrétti starfa að jafnaði átta löglerðir aðstoðarmenn dómara og átta aðrir starfsmenn að skrifstofustjóra meðtöldum.



Héraðsdómstólar

Héraðsdómstólar eru fyrsta dómstigið af þremur. Dómum þeirra má áfryja til Landsréttar eða, að tilteknum skilyrðum uppfylltum, til Hæstaréttar.

Héraðsdómstólarnir eru átta talsins og með staðbundna lögsögu. Dómarar í héraði eru 42 að tölu og skipaðir ótímabundið í embætti. Tveir voru settir í embætti héraðsdómara á árinu. Dómstólasýslan ákveður við hvaða héraðsdómstól dómarar skuli eiga fast sæti en heimilt er að ákveða að allt að þrír héraðsdómarar eigi ekki fast sæti við tiltekinn dómstól. Þrír fardómarar eru starfandi, einn með aðsetur við Héraðsdóm Reykjavíkur, annar við Héraðsdóm Reykjaness og sá þriðji við Héraðsdóm Vestfjarða. Dómstólasýslan skipar dómstjóra við hvern héraðsdómstól en dómstjórar ráða aðra starfsmenn en dómara. Til aðstoðar dómurum má ráða lögfræðinga til fimm ára í senn. Auk þess að gegna dómstörfum er dómstjóri forstöðumaður héraðsdómstóls og ber ábyrgð á starfsemi hans. Hjá héraðsdómstólunum störfuðu á árinu 12 aðstoðarmenn dómara og 37 aðrir starfsmenn.



Héraðsdómur Reykjavíkur (HDR)

Dómstjóri: Ingibjörg Þorsteinsdóttir.

Varadómstjóri: Björn L. Bergsson.

Skrifstofustjóri: Hilda Valdemarsdóttir.

Héraðsdómur Vesturlands (HDV)

Dómstjóri: Lárentínus Kristjánsson.

Héraðsdómur Vestfjarða (HDVF)

Dómstjóri: Halldór Björnsson til 1. september 2024. Oddur Þorri Viðarsson var skipaður frá 1. nóvember 2024.

Héraðsdómur Norðurlands vestra (HDNV)

Dómstjóri: Halldór Halldórsson.

Héraðsdómur Norðurlands eystra (HDNE)

Dómstjóri: Arnbjörg Sigurðardóttir.

Héraðsdómur Austurlands (HDA)

Dómstjóri: Ólafur Ólafsson til 31. október 2024. Hákon Þorsteinsson var skipaður frá 1. nóvember 2024.

Héraðsdómur Suðurlands (HDS)

Dómstjóri: Sigurður Gísli Gíslason.

Héraðsdómur Reykjaness (HDRN)

Dómstjóri: Jónas Jóhannsson.

Varadómstjóri: Sandra Baldvinsdóttir.

Skrifstofustjóri: Arndís Sveinbjörnsdóttir.

Endurupptökudómur

Endurupptökudómur var stofnaður með lögum nr. 47/2020 og tók til starfa 1. desember 2020. Hann er sérdómstóll sem ákveður hvort heimila eigi endurupptöku dómsmála sem dæmd hafa verið í héraði, Landsrétti eða Hæstarétti, sbr. IX. kafla laga um dómstóla nr. 50/2016. Um endurupptöku dómsmála gilda ákvæði laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, einkum XXVIII. og XXIX. kafli, og laga um meðferð sakamála nr. 88/2008, einkum XXXIV. og XXXV. kafli. Endurupptökudómur hefur aðsetur hjá dómstólasýslunni.

Í Endurupptökudómi sitja fimm dómendur, einn frá hverju dómstigi og tveir sem ekki eru embættisdómarar auk fimm varamanna þeirra. Skipunartími í dóminn er fimm ár, þó þannig að hvert ár rennur út skipunartími eins aðalmanns og varamanns hans. Sá hæstaréttardómari sem skipaður er í dóminn skal vera forseti hans. Ef dómandi er skipaður til þriggja ára eða skemmri tíma fyrstu starfsár dómstólsins er heimilt að skipa hann í Endurupptökudóm að nýju.

Forseti Endurupptökudóms er Karl Axelsson, dómari við Hæstarétt Íslands. Aðrir dómendur við upphaf árs 2024


voru: Ragnheiður Harðardóttir, dómari við Landsrétt, Hólmfríður Grímsdóttir, dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur, Eyvindur G. Gunnarsson prófessor og Stefán Geir Þórisson lögmaður. Varamenn þeirra voru í upphafi árs Ingveldur Einarsdóttir, dómari við Hæstarétt Íslands, Aðalsteinn E. Jónasson, dómari við Landsrétt, Helgi Sigurðsson, dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur, Eiríkur Elís Þorláksson dósent og Jónas Þór Guðmundsson lögmaður.

Í byrjun árs rann skipunartími Ragnheiðar Harðardóttur og Aðalsteins E. Jónassonar, varamanns hennar, út. Landsréttur tilnefndi þau að nýju og voru Ragnheiður og Aðalsteinn skipuð aftur af hálfu dómsmálaráðuneytis frá og með 1. febrúar 2024.

Ingvaldi Einarsdóttur var að eigin beiðni veitt lausn frá embætti dómanda við Endurupptökudóm frá og með 1. ágúst 2024. Hæstiréttur tilnefndi Ásu Ólafsdóttur, dómara við Hæstarétt Íslands, í hennar stað og var Ása skipuð af hálfu dómsmálaráðuneytisins frá og með 1. ágúst 2024. Þá var Eyvindi G. Gunnarssyni að eigin beiðni veitt lausn frá embætti dómanda við Endurupptökudóm frá og með 3. október 2024. Að undangengnu mati dómnefndar, sem starfar á grundvelli III. kafla dómstólalaga nr. 50/2016, skipaði dómsmálaráðherra Berglindi Svavarsdóttur lögmann í embætti dómanda við Endurupptökudóm frá og með 23. desember 2024.



DÓMSTÓLAR UM LAND ALLT



STARFSFÓLK DÓMSTÓLA VIÐ ÁRSLOK 2024

Starfsfólk	Fjöldi starfsfólks	Ársverk	Karlar	Konur
Starfsfólk dómstóla og dómstólasýslunnar samtals	143	141,9	56	87
Dómarar	65	64,8	37	28
Aðstoðarmenn dómara	23	24,8	9	14
Annað starfsfólk	48	45,6	9	39
Dómstólasýslan	7	6,7	1	6
Hæstiréttur samtals	13	12,8	6	7
Dómarar	7	6,8	5	2
Aðstoðarmenn dómara	3	3	1	2
Annað starfsfólk	3	3		3
Landsréttur samtals	32	31,6	17	15
Dómarar	16	16	9	7
Aðstoðarmenn dómara	8	8,6	3	5
Annað starfsfólk	8	7	5	3
Héraðsdómstólar samtals	91	90,8	32	59
Héraðsdómur Reykjavíkur samtals	53	52,1	17	36
Dómarar	24	24	11	13
Aðstoðarmenn dómara	6	6,5	2	4
Annað starfsfólk	23	21,6	4	19
Héraðsdómur Reykjaness samtals	19	19,4	6	13
Dómarar	10	9,9	5	5
Aðstoðarmenn dómara	3	3,2	1	2
Annað starfsfólk	6	6,3		6

Starfsfólk	Fjöldi starfsfólks	Ársverk	Karlar	Konur
Héraðsdómur Vesturlands samtals	3	3	2	1
Dómarar	1	1	1	
Aðstoðarmenn dómara	1	1	1	
Annað starfsfólk	1	1		1
Héraðsdómur Vestfjarða samtals	2	1,96	1	1
Dómarar	1	0,96	1	
Aðstoðarmenn dómara				
Annað starfsfólk	1	1		1
Héraðsdómur Norðurlands vestra samtals	2	1,9	1	1
Dómarar	1	1	1	
Aðstoðarmenn dómara				
Annað starfsfólk	1	0,9		1
Héraðsdómur Norðurlands eystra samtals	5	5	2	3
Dómarar	2	2	1	1
Aðstoðarmenn dómara	1	1	1	
Annað starfsfólk	2	2		2
Héraðsdómur Austurlands samtals	2	2,15	1	1
Dómarar	1	1,15	1	
Aðstoðarmenn dómara				
Annað starfsfólk	1	1		1
Héraðsdómur Suðurlands samtals	5	5,3	2	3
Dómarar	2	2	2	
Aðstoðarmenn dómara	1	1,3		1
Annað starfsfólk	2	2		2
Dómsstólasýslan samtals	7	6,7	1	6

DÓMSTÓLASÝSLAN

– sameiginleg stjórnsýsla dómstóla

Dómstólasýslunni var komið á fót með lögum nr. 50/2016 og hún tók formlega til starfa 1. janúar 2018. Dómstólasýslan er sjálfstæð stjórnsýslustofnun sem hefur það meginhlutverk að annast og vera í fyrirsvari fyrir sameiginlega stjórnsýslu dómstólanna, styrkja stjórnsýslu þeirra og um leið stuðla að samræmi í framkvæmd er varðar innri starfsemi allra dómstíganna þriggja.

Dómstólasýslan lýtur ekki boðvaldi annarra innan dómskerfisins og er óháð löggjafar- og framkvæmdavaldinu.



Stjórn dómstólasýslunnar

Ráðherra skipar fimm menn í stjórn dómstólasýslunnar og er skipunartíminn fimm ár, sbr. 6. gr. laga um dómstóla nr. 50/2016. Stjórnin ræður framkvæmdastjóra stofnunarinnar, sem nú er Kristín Haraldsdóttir.

Stjórn 2024

Sigurður Tómas Magnússon hæstaréttardómari, formaður, skipaður til og með 31. júlí 2025. Varamaður hans er Ingvaldur Einarsdóttir hæstaréttardómari, skipuð til og með 31. júlí 2025. Björg Thorarensen hæstaréttardómari var skipuð varamaður í stjórn dómstólasýslunnar í stað Ingvaldar Einarsdóttur frá og með 1. ágúst 2024 til og með 31. júlí 2025. Jón Höskuldsson landsréttardómari er skipaður til og með 31. júlí 2028. Varamaður hans er Arnfríður Einarsdóttir landsréttardómari, skipuð til og með 31. júlí 2028. Lilja Björk Sigurjónsdóttir gæðastjóri, skipuð til og með 3. ágúst 2026. Varamaður hennar er Erna Björt Árnadóttir, aðstoðarmaður dómara, skipuð til og með 3. ágúst 2026. Halldór Björnsson héraðsdómari, skipaður til og með 31. júlí 2024. Arnaldur Hjartarson héraðsdómari var skipaður aðalmaður í stjórn dómstólasýslunnar frá og með 1. ágúst 2024 til og með 31. júlí 2029. Daði Kristjánsson héraðsdómari tók sæti varamanns í stjórn frá og með 1. ágúst 2024 til og með 31. júlí 2029. Lúðvík Örn Steinarsson lögmaður, skipaður til og með 31. júlí 2027. Varamaður hans er Þyrí Halla Steingrímsdóttir lögmaður, skipuð til og með 31. júlí 2026.

Hlutverk stjórnar og fundir

Hlutverk stjórnar dómstólasýslunnar er skilgreint í 7. gr. laga um dómstóla.

Stjórn dómstólasýslunnar leggur mat á og gerir tillögu til ráðherra um nauðsynlegar fjárveitingar til dómstólasýslunnar, Hæstaréttar og Landsréttar og sameiginlega fjárveitingu til héraðsdómstólanna. Sé vikið frá tillögum dómstólasýslunnar skal ráðherra greina fjárlaganefnd frá ástæðum þess auk þess sem gera skal grein fyrir frávikum í frumvarpi til fjárlaga. Dómstólar skulu skilgreindir sem sérstakt málefnasvið í frumvarpi til fjárlaga og í fjárlögum. Í fjárlögum skal kveðið sundurliðað á um fjárveitingar til

Hæstaréttar Íslands, Landsréttar, héraðsdómstólanna sameiginlega og dómstólasýslunnar. Stjórn dómstólasýslunnar skiptir á milli héraðsdómstólanna fé sem skal veitt þeim í einu lagi með fjárlögum.

Stjórn dómstólasýslunnar ákveður fjölda héraðsdómara og annarra starfsmanna við hvern héraðsdómstól og setur almennar reglur um flutning dómara á milli þeirra. Þá setur stjórnin reglur um leyfi dómara frá störfum og veitir þeim leyfi. Stjórnin setur einnig reglur um meðferð mála hjá dómstólasýslunni og ákveður verkaskiptingu milli stjórnar og framkvæmdastjóra auk þess að ákveða hvaða stjórnsýsluverkefni skuli heyra undir dómstólasýsluna og hver undir forstöðumenn dómstólanna að því leyti sem þessi atriði eru ekki ákveðin í lögum.

Haldnir voru 10 fundir stjórnar á árinu og þar af einn starfsdagur sem fór fram 28. nóvember. Fundargerðir eru birtar á vefsíðu dómstólasýslunnar, domstolar.is.

Hjá dómstólasýslunni störfuðu í lok árs 2024 sjö manns að framkvæmdastjóra meðtöldum: verkefnastjóri, skjalastjóri, upplýsinga- og fræðslufulltrúi, tveir lögfræðingar og sérfræðingur í upplýsingatækni.



DÓMSTÓLASÝSLAN

Starfsemi dómstólasýslunnar 2024

Í störfum sínum tekur dómstólasýslan mið af stefnu dómstólanna fyrir tímabilið 2023–2027. Stefnan er sameiginleg fyrir dómstólana á öllum þremur dómstigunum og dómstólasýsluna og er meðal annars byggð á hlutverki stofnunarinnar á grundvelli ákvæða laga nr. 50/2016.

Hlutverk

Hlutverk dómstólasýslunnar er skilgreint þannig í meginatriðum í 8. gr. dómstólalaga

1. Að vera í fyrirsvari fyrir sameiginlega stjórnsýslu dómstólanna og koma fram gagnvart stjórnvöldum, fjölmiðlum og öðrum í þágu dómstólanna sameiginlega.
2. Að skipuleggja símenntun dómara og annarra starfsmanna í þjónustu dómstóla.
3. Að fara með yfirstjórn upplýsingamála og tæknimála dómstólanna, annast þróun þeirra mála og eftir þörfum ábendingar af því tilefni.
4. Að safna saman og birta upplýsingar um fjölda og afgreiðslu mála við dómstóla og gefa út ársskýrslu um starfsemi sína og dómstólanna.
5. Að stuðla að samræmingu og hafa eftirlit með framkvæmd reglna um málaskrár dómstóla, þingbækur, atkvæðabækur, búnað til upptöku á hljóði og mynd í þinghöldum, dómabækur og varðveislu málsskjala og upptaka í þinghöldum hjá dómstólum, samkvæmt þessum lögum, lögum um meðferð einkamála og lögum um meðferð sakamála.
6. Að setja starfsreglur um samræmda framkvæmd við héraðsdómstóla en stjórn dómstólasýslunnar getur ákveðið að slíkar reglur verði bindandi ef þær varða ekki meðferð dómsmáls að því leyti sem dómari ber einn ábyrgð á henni.
7. Að gera tillögur um hvað eina sem getur orðið til úrbóta í störfum dómstóla og löggjöf sem um þá gilda.
8. Á grundvelli 4. mgr. 9. gr. dómstólalaga skal nefnd um dómarastörf hafa aðstöðu hjá dómstólasýslunni og á grundvelli 2. mgr. 11. gr. dómstólalaga skal það sama gilda um dómnefnd um hæfni umsækjenda um embætti dómara. Þá hefur Endurupptökudómur aðsetur hjá dómstólasýslunni, sbr. 8. mgr. 54. gr. dómstólalaga

SAMEIGINLEG STEFNA DÓMSTÓLA

Í sameiginlegri stefnu dómstóla fyrir öll þrjú dómstigin árin 2023–2027 er gert ráð fyrir að dómstólar og dómstólasýslan setji sér markmið um árangur á grundvelli stefnunnar og leggi reglulega mat á hvernig til hefur tekist.

Í stefnunni koma fram þau gildi sem eru höfð að leiðarljósi í störfum dómstóla og dómstólasýslunnar, svo og markmið og áherslur sem unnið verður að á tímabilinu.

Gildi dómstóla og dómstólasýslunnar

Sjálfstæði

Sjálfstæði dómsvaldsins er forsenda þess að aðilar dómsmála fái réttláta málsmeðferð og réttaröryggi verði tryggt. Starfsfólk dómstóla gætir þess að vina-, hagsmuna- og skyldleikatengsl og ómálefnaleg sjónarmið hafi ekki áhrif á störf sín, bæði í reynd og ásýnd.

Trúverðugleiki


Starfsfólk vinnur störf sín af heilindum, gætir jafnræðis og sýnir virðingu.

Gæði


Dómarar dæma eftir lögum. Úrlausnir þeirra eiga að vera réttar, vel rökstuddar, skýrar og ritaðar á skiljanlegu máli. Starfsfólk aflar sér og viðheldur nauðsynlegri fagþekkingu og færni. Það leysir öll störf af hendi af fagmennsku og vandar til allra verka.

Skilvirkni

Hæfilegur málsmeðferðartími dómsmála er forsenda réttlátrar málsmeðferðar og réttaröryggis. Verkferlar, verklag og vinna að úrlausn mála miðar að því að tryggja að niðurstaða dómsmála fáið innan hæfilegs tíma og að öll þjónusta sé veitt með eins skjótum hætti og kostur er án þess þó að það bitni á gæðum.



Meginmarkmið



Verklag

- » Skilvirkni og gæði
- » Sjálfbærni og umhverfisvitund

Mannauður

- » Hæft starfsfólk
- » Starfsþróun og markviss símenntun
- » Eftirsóknarvert starfsumhverfi
- » Traust og virðing
- » Jöfn staða kynjanna

Fjármál og rekstur

- » Markviss áætlanagerð
- » Hagkvæmni í rekstri

Þjónusta

- » Réttlát opinber málsmeðferð
- » Sjálfstæðir og óvilhallir dómstólar
- » Traust til dómstóla
- » Notendamiðuð og nútímaleg þjónusta

Áherslur

Í þeim tilgangi að ná fram markmiðum stefnunnar hafa eftirtalin áherslusvið verið skilgreind. Á öllum áherslusviðum eru tækifæri til úrbóta sem gera dómstóla betur í stakk búna til að rækja hlutverk sitt og verkefni.

Í eftirfarandi umfjöllun um starfsemi dómstóla og dómstólasýslu árið 2024 er gerð grein fyrir helstu verkefnum sem unnið var að á árinu og tengjast þessum fjórum megináherslum auk þess sem fjallað er um önnur verkefni tengd markmiðum stefnunnar.





Stafræn þróun dómskerfisins styður einkum eftirfarandi markmið:

- Þjónusta:**
Réttlát málsmeðferð, notendamiðuð og nútímaleg þjónusta og traust til dómstóla
- Verklag:**
Skilvirkni, gæði, sjálfbærni og umhverfisvitund
- Mannauður:**
Eftirsóknarvert starfsumhverfi
- Fjármál og rekstur:**
Hagkvæmni í rekstri

Stafrænt dómskerfi

Stafrænt dómskerfi er ein af megináherslum dómstóla og dómstólasýslunnar í stefnu 2023–2027. Unnið var að ýmsum upplýsingatækniverkefnum og öðrum verkefnum tengdum stafrænni þróun á árinu í náninni samvinnu við dómstóla á öllum dómstigum.

Breytingar á réttarfarslöggjöf vegna stafrænnar málsmeðferðar í dómsmálum

Hinn 1. júlí 2024 tóku gildi breytingar á lögum um meðferð sakamála, lögum um meðferð einkamála og lögum um gjaldprotaskipti sem miðuðu að því að gera samskipti í réttarvörslukerfinu tæknilega hlutlaus og skapa forsendur til að nýta tæknilausnir í ríkari mæli en áður við meðferð dómsmála. Dómstólasýslunni var í lögum falið að setja ýmsar reglur um útfærslu rafrænnar/stafrænnar málsmeðferðar, þar á meðal um form og afhendingarmáta dómskjala og rafræna staðfestingu. Þá var dómstólasýslunni falið að setja leiðbeinandi reglur um fjarþinghöld.

Form og afhendingarmáti skjala

Á grundvelli laganna setti dómstólasýslan bindandi reglur um form, afhendingarmáta og staðfestingu skjala í dómsmálum sem tóku gildi 1. júlí 2024. Þar var meðal annars mælt fyrir um að skjöl í rannsóknarmálum samkvæmt 1. mgr. 102. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála skyldu berast héraðsdómstólum og Landsrétti um réttarvörslugátt. Ekki væri þörf á að afhenda dómstóli sömu skjöl á pappír. Skjöl í öðrum málum bæri að afhenda dómstóli í tilskildum fjölda eintaka á pappír. Í lok árs voru reglurnar uppfærðar með gildistöku 1. janúar 2025. Þar er dómstólasýslunni falið að taka ákvörðun um það í hvaða kærðu sakamálum skjöl skuli berast Landsrétti með rafrænum hætti í gegnum réttarvörslugátt og í hvaða ákærumálum skjöl skuli berast héraðsdómstólum með sama hætti.

Rafræn staðfesting

Í réttarfarslögum er nú mælt fyrir um að rafræn staðfesting uppfylli áskilnað um áritun, undirritun, staðfestingu eða vottun. Dómstólasýslunni er falið að setja reglur um rafræna staðfestingu og mæla þannig fyrir um það hvaða kröfur verði gerðar til rafrænnar staðfestingar fyrir dómi. Samkvæmt reglum dómstólasýslunnar um form, afhendingarmáta og staðfestingu skjala í dómsmálum, sem tóku gildi 1. júlí 2024, er hvorki þörf á að undirrita með eigin hendi né rafrænt málsóknarskjöl sem send eru dómstóli með rafrænum hætti í gegnum réttarvörslugátt, vefgátt dómstóla eða aðra vefgátt sem dómstólasýslan hefur samþykkt ef sendandinn hefur auðkennt sig með rafrænum skilríkjum. Skjölin skulu þó bera það skýrt með sér frá hverjum þau stafa. Málsóknarskjöl sem afhent eru á pappír skulu undirrituð. Þegar reglurnar voru uppfærðar í lok árs var því bætt við að hvorki væri þörf á að undirrita með eigin hendi né rafrænt fyrirköll, þingbækur, dóma og úrskurði sem eiga uppruna sinn í réttarvörslugátt heldur skuli þessi skjöl staðfest í réttarvörslugátt af þeim sem til þess er bær. Samhliða var staðfesting í réttarvörslugátt skilgreind þannig að um sé að ræða aðgerð þar sem til þess bær aðili staðfestir skjal með rafrænum hætti í réttarvörslugátt. Skjalið ber þá með sér að það hafi verið staðfest rafrænt en jafnframt verður til einkvæmt númer sem tryggir það að ekki hafi verið átt við skjalið. Slík staðfesting jafngildir undirritun með eigin hendi eða rafrænt.

Notkun fjarfundarbúnaðar

Með fyrrnefndum lagabreytingum voru heimildir til notkunar fjarfundarbúnaðar við rekstur einka- og sakamála fyrir dómi gerðar varanlegar. Dómari getur samkvæmt lögum heimilað, að tilteknum skilyrðum uppfylltum, þátttöku í þinghaldi í gegnum fjarfundarbúnað. Dómstólasýslunni var falið að setja leiðbeinandi reglur um fjarþinghöld þar sem fjalla skyldi nánar um hvenær heimilt sé að nota fjarfundarbúnað og við hvaða aðstæður.

Á grundvelli laganna setti dómstólasýslan leiðbeinandi reglur um fjarþinghöld dómstóla sem tóku gildi 1. nóvember 2024. Reglunum er ætlað að stuðla að aukinni skilvirkni og hagkvæmni við rekstur mála fyrir dómi með notkun fjarfundarbúnaðar þar sem við á og að gættum grunnreglum um opinbera og réttláta málsmeðferð. Þá er reglunum ætlað að tryggja samræmda framkvæmd fjarþinghalds og stuðla með því að jafnræði allra fyrir dómstólum. Í reglunum koma fram þau sjónarmið sem dómara ber að líta til við mat á því hvort hann ákveður að hafa fjarþinghald eða að heimila skýrslugjöf í gegnum fjarfundarbúnað og eru þessi markmið þar lögð til grundvallar.



Réttarvörslugátt

Dómstólasýslan vinnur með dómstólum og stofnunum réttarvörslukerfisins að þróun og innleiðingu réttarvörslugátta, sem er verkefni á vegum dómsmálaráðuneytisins. Réttarvörslugátt tengir saman dómstóla og allar stofnanir réttarvörslukerfisins og tryggir rafrænt/stafrænt flæði gagna og upplýsinga á milli þeirra, auk þess sem hún er leið til samskipta við ytri aðila, svo sem lögmenn. Réttarvörslugátt verður tekin í notkun í áföngum með það að markmiði að skjöl verði að meginstefnu send á rafrænu formi til dómstóla í gegnum réttarvörslugátt í öllum málaflokkum og á öllum dómstigum. Samhliða því stendur til að fallið verði frá kröfu um að skjöl séu lögð fram á pappír. Þar til réttarvörslugáttin kemur að fullu til framkvæmda verða vefgáttir dómstóla áfram í notkun.

Vinna við þróun og innleiðingu á réttarvörslugátt hélt áfram á árinu og voru haldnir kynningarfundir með dómstólum og lögmönnum vegna þess. Innleiðing ákærumála í réttarvörslugátt hófst og berast nú öll skjöl í ákærumálum sem eingöngu lúta að umferðalagabrotum til héraðsdómstólanna í gegnum réttarvörslugátt. Þar með bættust fyrstu ákærumálin í hóp rannsóknarmála sem rekin voru um réttarvörslugátt. Næsta skref er innleiðing annarra ákærumála í réttarvörslugátt.

Birtingar í stafrænu pósthólfi

Með lögum nr. 53/2024, sem tóku gildi 1. júlí 2024, voru gerðar breytingar á lögum um meðferð sakamála sem heimiluðu að ákæra yrði birt fyrir ákærða í stafrænu pósthólfi í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda. Unnið var að tæknilegri útfærslu þessa, meðal annars í samvinnu við dómsmálaráðuneytið, ríkislögreglustjóra og Stafrænt Ísland. Stór áfangi náðist í nóvember þegar fyrsta ákæran og fyrirkallið var birt í stafrænu pósthólfi. Ákærun og fyrirköll í ákærumálum sem eingöngu lúta að umferðalagabrotum eru nú birt í stafrænu pósthólfi hins ákærða á island.is. Í þeim tilfellum sem það tekst ekki hefur lögregla samhliða tekið upp snjallforrit til þess að birta einstaklingum ákærun í persónu. Næsta skref er að ákærun og fyrirköll í öðrum ákærumálum séu einnig birt með þessum hætti og því næst verður unnið að því að birta dómsúrlausnir í stafrænu pósthólfi.

Talgreinir

Markmið með innleiðingu talgreinis er að flyta fyrir uppritun á skýrslutökum í sakamálum með sjálfvirkri uppritun á mæltu íslensku máli yfir í ritaðan texta. Á árinu var talgreinir settur upp með viðeigandi hljóðbúnaði í einum dómsal við Héraðsdóm Reykjavíkur og þjálfun talgreinis að þörfum dómstóla hafin.

Stafrænt vinnuafli

Á árinu fór fram innleiðing á stafrænu vinnuafli (róbót) við skráningar og flutning gagna milli kerfa. Útbúnir voru margir ferlar sem allir koma í stað handvirkra ferla og einfalda starfsfólki skráningar í málaskrárkerfi.

Vefgátt dómstóla

Vefgátt fyrir héraðsdómstóla var tekin í notkun á árinu en um er að ræða sömu vefgátt og Landsréttur og dómstólasýslan höfðu áður nýtt sér. Vefgáttin miðlar gögnum til og frá héraðsdómstólum með öruggum hætti. Vefgáttin er tímabundin þar til réttarvörslugátt verður tekin í notkun að fullu. Fram fóru kynningarfundir með Lögmannafélagi Íslands og dómstólunum. Í Hæstarétti bauðst á árinu í fyrsta skipti að leggja fram beiðnir um áfrýjunarleyfi og viðbrögð gagnaðila við þeim rafrænt í gegnum þjónustugátt.

Umbætur á málaskrá

Ýmis umbótavinna fór fram á málaskrá dómstóla á árinu, bæði í þágu þess að gera þær notendavænni fyrir starfsfólk og með stafræna málsmeðferð í huga.



Aukin upplýsingagjöf og fræðsla styður einkum eftirfarandi markmið:

1. **Þjónusta:**
Traust til dómstóla, notendamiðuð og nútímaleg þjónusta, réttlát opinber málsmeðferð
2. **Verklag:**
Skilvirkni og gæði


Upplýsingagjöf og fræðsla

Dómstólarnir og dómstólasýslan vinna að því að gera hlutverk og starfsemi dómstóla sýnilega í samfélaginu. Markmiðið er að miðla upplýsingum á notendavænan og nútímalegan hátt og er leitast við að tryggja að starfsfólk dómstóla, fjölmiðlar og allur almenningur séu vel upplýst um starfsemina og eigi auðvelt með að nálgast upplýsingar. Leitað er skoðana þeirra sem nota þjónustu dómstólanna á gæðum þjónustunnar og hvernig megi bæta hana.

Kannanir

Könnun Gallup á trausti til stofnana og embætta var gerð í janúar og febrúar 2024. Niðurstöður sýna að traust til dómstóla hefur haldist svipað milli ára en er í heild frekar á uppleið. Samkvæmt könnuninni báru 55% landsmanna mikið traust til Hæstaréttar. Landsréttur naut 51% trausts og héraðsdómstólarnir 40%. Könnunin sýnir auk þess að traust til dómskerfisins, sem er mun víðara hugtak, þar sem það tengist ýmsum aðilum og stofnunum réttarvörslukerfisins, jókst lítillega frá síðustu mælingu, eða um 2%. Nokkuð hátt hlutfall svarenda tekur ekki skýra afstöðu og sýnileg tengsl eru á milli þekkingar á starfsemi dómstólanna og trausts til þeirra.

Hversu mikið traust berð þú til...? - Mikið traust (%)



Vefur dómstóla

Á árinu var haldið áfram endurskoðun á vefsíðum dómstóla með það að markmiði að bæta þjónustu þeirra og aðgengi að upplýsingum fyrir almenning og hagaðila. Liður í verkefninu er að þróa nýja leitarvél fyrir dóma sem eru gefnir út á vefsíðum dómstólanna. Verkefnið er unnið í samstarfi við Stafrænt Ísland og vinnuhópa starfsfólks dómstóla á öllum dómstigum.

Umferð á vef

Ný vefmæling Google (GA4) var tekin í notkun um mitt ár 2023. Heimsóknir á vef Landsréttar á árinu 2023 hafa verið endurmetnar á grundvelli nýrrar mælingar (sem hefur þá jafnframt áhrif á heildarfjölda heimsókna það ár).

Í heild námu heimsóknir á vefi dómstólasýslunnar og dómstólanna tæpri milljón á árinu 2024, sem er 3% fækkun frá fyrra ári. Heimsóknum á vef héraðsdómstóla fækkaði úr tæpum 460 þúsund í tæp 440 þúsund, sem er 4% fækkun milli ára. Heimsóknum á vef Landsréttar fækkaði einnig, eða úr rúmum 300 þúsund (endurmetin tala) í rúmar 280 þúsund, sem er 7% fækkun milli ára. Sama gildir um vef dómstólasýslunnar sem var heimsóttur tæplega 63 þúsund sinnum, en það er 7% fækkun milli ára.

Vefur Hæstaréttar var hins vegar heimsóttur rúmlega 210 þúsund sinnum og nam fjölgunin 6% frá fyrra ári.

Utan þessara mælinga fellur sérstakur vefur fyrir Endurupptökudóm sem er aðgengilegur á eigin léni, endurupptokudomur.is

DOMSTOLAR.IS

63.000

heimsóknir

HERADSDOMSTOLAR.IS

440.000

HEIMSÓKNIR

LANDSRETTUR.IS

280.000

HEIMSÓKNIR

HAESTIRETTUR.IS

210.000

HEIMSÓKNIR

Viðburðir, fræðsla og samráðsfundir

Samráðsfundir dómstólasýslunnar

Umboðsmaður barna

Samráðsfundur með umboðsmanni barna fór fram 1. febrúar 2024. Á fundinum var meðal annars rætt um umfjöllun fjölmiðla um dóma er varða börn, rannsókn um barnvæna réttarvörslu og tölfraði frá dómstólum um mál er varða börn.

Lögmannafélag Íslands

Samráðsfundir með Lögmannafélagi Íslands fóru fram 22. maí og 8. október 2024. Á fundunum var m.a. rætt um reglur dómstólasýslunnar sem samþykktar höfðu verið á árinu og reglur í vinnslu.

Ríkissaksóknari

Samráðsfundur með ríkissaksóknara fór fram 10. júní 2024. Á fundinum var meðal annars rætt um rafræna þróun, stafrænar birtingar, breytt verklag og ferli þegar kemur að málsmeðferð fyrir dómstólum. Þá var einnig fjallað um öryggismál, talgreini og aðkomu túlka og hvernig væri hægt að bæta vinnuaðstöðu þeirra.

Viðburðir og fræðsla

Heimsóknir til dómstóla á árinu

Fjöldi innlendra og erlendra nemenda á framhalds- og háskólastigi heimsækir dómstólana á ári hverju auk annarra hópa og aðila sem fá kynningu á starfseminni. Þinghöld í dómsmálum eru yfirleitt opin og úrlausnir dómstóla eru aðgengilegar þannig að allir geti fylgst með störfum þeirra. Oft koma margir áheyrendur til að fylgjast með málum sem vekja sérstaka athygli. Laganemar mæta einnig til að fylgjast með málflutningi þegar flutt eru mál sem hafa þýðingu fyrir nám þeirra.

Guðrún Hafsteinsdóttir, þáverandi dómsmálaráðherra, og fylgdarlið heimsóttu dómstóla á árinu. Einnig heimsóttu starfsmenn skrifstofu héraðssaksóknara Héraðsdóm Reykjavíkur þar sem m.a. var lögð áhersla á að stilla saman strengi í tengslum við verklag dómstólsins og héraðssaksóknara.

Fjallað er um heimsóknir til Hæstaréttar [í ársskýrslu réttarins](#)

Guðrún Hafsteinsdóttir, þáverandi dómsmálaráðherra, með Ingibjörgu Þorsteinsdóttur, dómstjóra í Héraðsdómi Reykjavíkur



Málþing um þriggja þrepa dómskerfi

Málþing Hæstaréttar og dómstólasýslunnar um þriggja þrepa dómskerfi, ávinning og áskoranir var haldið í dóm-sal Hæstaréttar fimmtudaginn 21. nóvember. Tilgangur-inn var að ræða þann ávinning sem orðið hefði af þessari breytingu á dómstólaskipaninni og þær áskoranir sem dómstólarnir stæðu frammi fyrir. Til málþingsins var boðið dómurum á öllum dómstigum og lögfræðingum sem starfa hjá dómstólunum.

Málþingið var tvískipt. Í fyrri hluta fjölluðu reyndir málflytj-
endur um breytinguna sem varð á dómskerfinu árið 2018 frá sínum sjónarhóli. Þetta voru lögmenirnir Berglind

Svavarsdóttir, Óttar Pálsson og Stefán Andrew Svensson og Sigríður Friðjónsdóttir ríkissaksóknari. Dómarar á öllum dómstigum tóku þátt í seinni hluta málþingsins þar sem rætt var hvernig til hefði tekist. Þátttakendur í þeirri um-ræðu voru Benedikt Bogason, forseti Hæstaréttar, Eiríkur Jónsson, varaforseti Landsréttar, Halldóra Þorsteinsdóttir héraðsdómari og Ingibjörg Þorsteinsdóttir, dómstjóri Hér-aðsdóms Reykjavíkur. Fyrri hluta málþingsins stjórnaði Sigurður Tómas Magnússon, varaforseti Hæstaréttar, en þeim síðari Kristín Haraldsdóttir, framkvæmdastjóri dóm-stólasýslunnar.

Sjá einnig umfjöllun í [ársskýrslu Hæstaréttar](#).



Frá málþingi um þriggja þrepa dómskerfi



Frá dómstóladeginum 2024

Dómstóladagurinn

Dómstóladagurinn, var haldinn föstudaginn 18. október 2024. Fræðsludagskráin fór að þessu sinni fram í Öskju í Háskóla Íslands og var mjög vel sótt af starfsfólki allra dómstóla. Dagskránni var skipt upp í fjórar málstofur þar sem eftirfarandi málefni voru til umfjöllunar:

1. Meiðyrðamál og nýleg þróun: Opinber umræða og ýmis „hitamál“. Málstofan var undir stjórn Halldóru Þorsteinsdóttur héraðsdómara og tóku Davíð Þór Björgvinsson, forseti lagadeildar HA, Eiríkur Jónsson landsréttardómari og Vilhjálmur H. Vilhjálmsson lögmaður þátt í pallborðsumræðum.

2. Er þörf á að tryggja betur öryggi í húsnæði dómstóla? Hvað er til ráða? – undir stjórn Kristínar Haraldsdóttur, framkvæmdastjóra dómstólasýslunnar. Kim Möller Mikkelsen, deildarstjóri á öryggissviði dönsku dómstólasýslunnar, hélt inngangserindi um reynslu Dana á þessu sviði og fóru fram pallborðsumræður með þátttöku Arnaldar Hjartarsonar, héraðsdómara

og varaformanns DÍ, Karls Steinars Valssonar, yfirlög-regluþjóns hjá ríkislögreglustjóra, og Stefáns Andrew Svensson, lögmanns og formanns LMFÍ.

3. Hæfi dómara – Afstaða og fyrri störf, þróun? – undir stjórn Ásu Ólafsdóttur hæstaréttardómara. Þátttakendur í pallborði voru Kristín Benediktsdóttir prófessor, Oddný Mjöll Arnardóttir, dómari við Mannréttindadómstól Evrópu, og Óttar Pálsson lögmaður.

4. Meginreglan um opinbera málsmeðferð og heimildir til þess að loka þinghaldi – álitamál og dómaframkvæmd. Sigurður Tómas Magnússon hæstaréttardómari annaðist stjórn málstofunnar og þátttakendur í pallborði voru Bjarni Hauksson lögmaður, Barbara Björnsdóttir, dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur, og Hrafnhildur Gunnarsdóttir, saksóknari hjá ríkissaksóknara.

SEND (Samarbejdsorganet for efteruddannelse af Nordens dommere)

SEND er samarbejdsverkefni norrænu dómstólanna um símenntun dómara. Í stýrinesnd SEND sitja fulltrúar norrænu dómstólanna en hlutverk hennar er að ákveða og skipuleggja efni málþinga sem haldin eru á vegum SEND. Hildur Briem, dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur, situr í stýrinesnd ásamt Hrafnhildi Brynju Stefánsdóttur, upplýsinga- og fræðslufulltrúa dómstólasýslunnar.

Fyrstu mánuði ársins var unnið að undirbúningi ráðstefnu SEND sem haldin var í Reykjavík dagana 6.–8. maí 2024. Ráðstefnan fjallaði um virka stjórnun á rekstri almennra einkamála fyrir dómi. Um 40 norrænir dómamarar komu til landsins og voru þeir afar ánægðir með dvölinu. Fastur liður í SEND-ráðstefnum er heimsókn í dómstól og heimsótti hópurinn að þessu sinni Hæstarétt.

Í nóvember var síðan ráðstefna haldin í Helsinki þar sem var rætt um ýmis álitæfni við ritun dóma á öllum

dómstigum. Á ráðstefnunni var einnig boðið upp á dýpri umræður í smærri hópum um valin umræðuefni. Hópurinn heimsótti einnig Högsta förvaltningsdómstolen.

Fundur með norrænum dómstólasýslum

Árlegur fundur norrænna dómstólasýslna var haldinn í Finnlandi 2024. Á þessum fundum eru rædd sameiginleg viðfangsefni og tækifæri nýtt til að deila reynslu og þekkingu. Á fundinum í Finnlandi var meðal annars rætt um sjálfstæði dómstóla og hlutverk þeirra í því að tryggja lýðræði. Á fundinum var einnig rætt um hlutverk dómstólasýslna, virka stjórnun dómsmála og stafræna þróun, stefnumótun, mannauðsmál og tölfræðigreiningu. Stofnanirnar eru: Domstolsstyrelsen (DK), Domstoladministrasjonen (NO), Domstolsverket (SE) og Tuomioistuinvirasto/Domstolsverket (FI).

Frá heimsókn dómara á SEND-ráðstefnu í Reykjavík í Hæstarétt Íslands



Norræn ráðstefna áfrýjunardómstóla haldin á Íslandi

Í ágúst var norræn ráðstefna áfrýjunardómstóla á Norðurlöndum haldin á Íslandi. Ráðstefnuna sóttu 15 forsetar og varaforsetar norrænna dómstóla og skipulagði Landsréttur fræðslu og skemmtun fyrir hópinn. Meðal annars var farið í heimsókn í Hæstarétt og á Alþingi. Ráðstefnan stóð yfir í þrjá daga og lauk henni með hátíðarkvöldverði í Viðey.

Héraðsdómarar kynntu sér starfsemi EFTA-dómstólsins

Dagana 5.–6 september þáðu héraðsdómarar og nokkrir aðstoðarmenn dómara boð dr. Páls Hreinssonar, forseta EFTA-dómstólsins, um að kynna sér, á vettvangi, starfsemi dómstólsins.

Tækifærið var notað til að fræðast í leiðinni um Evrópu-dómstólinn og um 30 manna hópur fékk, fyrir milligöngu Ólafs Jóhannesar Einarssonar, dómritara EFTA-dómstólsins, fundi með Lars Bay Larsen, þáverandi varaforseta Evrópu-dómstólsins, og síðar sama dag með Jesper Svenningsen, forseta fimmtu deildar hins almenna dómstóls Evrópu-dómstólsins, og Louise Spangsberg Grönfeldt, dómara við almenna dómstólinn. Þar hlýddu gestir á afar fróðleg erindi og áttu spjall við gestgjafana. Föstudaginn 6. september sat svo hópurinn yfirgripsmikla og mjög gagnlega kynningu dr. Páls Hreinssonar, Ólafs Jóhannesar Einarssonar og Ólafs Ísberg Hannessonar um starfsemi EFTA-dómstólsins. Afar fræðandi og gagnleg kynnisferð.

Hópurinn með gestgjöfum í húsnæði Evrópu-dómstólsins í Lúxemborg





Frá heimsókn til dómstólasýslunnar í Hollandi

Fræðsluferð dómstólasýslunnar til Haag

Starfsfólk dómstólasýslunnar fór í fræðsluferð til Haag dagana 2.–4. október. Hollenska dómstólasýslan tók á móti hópnum og kynnti starfsemi sína og dómstólanna í Hollandi. Var sérstaklega fjallað um stafræna þróun, stefnu þeirra og árangur. Í framhaldinu var Hæstiréttur Hollands heimsóttur og fengin kynning á starfseminni þar. Dómstólasýslan slóst síðan í för með hópi starfsfólks frá Héraðsdómi Reykjavíkur, sem var í borginni á sama tíma, og var farið í Héraðsdóminn í Haag, Europol og Eurojust. Ferðin var mjög gagnleg og áhugavert að heyra um verkefni dómstóla annarra þjóða og hvað er efst á baugi hjá þeim.

CEPEJ (European Commission for the Efficiency of Justice)

Markmið þessa ráðs er að stuðla að aukinni skilvirkni réttarkerfa innan sambandsríkjanna og setur það m.a. í þeim tilgangi mælikvarða og safnar tölfræðiupplýsingum frá stofnunum og dómstólum. Vefsíða ráðsins er <https://www.coe.int/en/web/cepej/home>. Framkvæmdastjóri dómstólasýslunnar er fulltrúi Íslands í CEPEJ og sótti hún tvo staðfundi á árinu í júní og desember.



Áherslurnar styðja einkum eftirfarandi markmið:

1. Mannauður:

Hæfir starfsmenn, starfsþróun og markviss símenntun, traust, jafnrétti og virðing, eftirsóknarvert starfsumhverfi

2. Verklag:

Skilvirkni og gæði, hagkvæmni


Mannauður og færni

Dómstólar og dómstólasýslan leitast við að laða að og halda í hæft, jákvætt og metnaðarfullt starfsfólk og stjórnendur sem geta stuðlað að því að dómstólar og dómstólasýslan nái sem best markmiðum sínum hverju sinni í síbreytilegu starfsumhverfi. Sérstök áhersla er lögð á að starfsfólk og stjórnendur tileinki sér þá tæknifærni sem þörf er á í stafrænu umhverfi.

Mikilvægt er að starfsfólk viðhaldi færni sinni og auki hana með markvissri símenntun og þroskandi verkefnum. Stjórnendur þurfa að hafa góða hæfni og færni til að skapa gott og hvetjandi starfsumhverfi þar sem styrkleikar starfsfólks fá notið sín og tækifæri gefast til að þróast í starfi.

Innri upplýsingamiðlun – innri vefur

Starfsfólk dómstólanna er með aðsetur víða um land og er Askur, innri vefur dómstólanna, notaður til að efla innri samskipti og auðvelda aðgengi að upplýsingum innan dómstólanna. Þar má finna umfjöllun um helstu verkefni, fræðslu og viðburði í starfsemi dómstólasýslunnar og dómstólanna. Frá opnun vefsins hafa verið um 25 þúsund heimsóknir á síðuna. Á meðal mest lesnu fréttu á innri vefnum er frásögn af skipun nýrra dómara í Héraðsdómi Vestfjarða og Héraðsdómi Austurlands.



Fræðsla og mannauður hjá dómstólunum

Hjá dómstólunum er lögð áhersla á fræðslu fyrir starfsmenn um góð samskipti á vinnustað, heilsu, öryggi og vellíðan í vinnu. Hjá Héraðsdómi Reykjavíkur var á árinu meðal annars boðið upp á skyndihjálparnámskeið, hádegisfyrirlestra um hagnýtar leiðir til að ná tökum á streitu, fyrirlestur um samskipti og samstarf og gefin uppskrift að góðri geðheilsu.

Fræðsluferð til Haag, áhugaverð og einstaklega skemmtileg

Dagana 2.–6. október héldu 40 dómamar og starfsmenn við Héraðsdóm Reykjavíkur í námsferð til Haag og var ferðin bæði áhugaverð og einstaklega skemmtileg. Hópurinn heimsótti Héraðsdómstólinn í Haag, Alþjóðasakamáladómstólinn, Europol og Eurojust. Í Europol tók Stefán Sveinsson á móti hópnum og Kolbrún Benediktsdóttir fræddi starfsmenn um Eurojust.

Starfsfólk Landsréttar fór í haustferð um Suðurland í október. Í ferðinni heimsótti hópurinn meðal annars Friðheima í Reykholti, þar sem meðfylgjandi mynd var tekin, auk þess sem farið var í hellaskoðun við Hellu.

Námsleyfi dómara

Dómstólasýslan leggur mat á og tekur afstöðu til umsókna dómara um námsleyfi. Samkvæmt 7. gr. laga nr. 50/2016 um dómstóla ávinnur dómari sér rétt til þriggja vikna námsleyfis á hverju starfsári og setur dómstólasýslan nánari reglur þar um, sbr. 7. mgr. 44. gr. laga um dómstóla. Sjá reglur dómstólasýslunnar um námsleyfi dómara á domstolar.is

Samtals fóru sex dómamar í námsleyfi árið 2024; fjórir við Héraðsdóm Reykjavíkur, og tveir við Landsrétt. Einn dómari hóf töku námsleyfis í janúar, tveir í febrúar og þrír í september.

Starfsfólk Héraðsdóms Reykjavíkur




Starfsmenntunarsjóður dómara

Starfsmenntunarsjóður dómara starfar á grundvelli 8. mgr. 44. gr. laga um dómstóla. Kostnaður dómara vegna námskeiða, námsstefna, ráðstefna, málþinga, kaupa á fræðiritum og annarrar þekkingaröflunar, hérlandis eða erlendis, sem tengja má dómarastarfinu eða hlutverki dómstóla greiðist úr sjóðnum í samræmi við úthlutunarreglur hans, sjá nánar á domstolar.is. Starfsmenntunarsjóður dómara tekur við umsóknum og sér um greiðslu styrkja í kjölfar samþykktar þeirra. Samþykktar voru 93 umsóknir á árinu 2024. Haldnir voru tveir fundir stjórnar á árinu.

Formaður Starfsmenntunarsjóðs dómara, Kristín Benediktsdóttir prófessor, baðst lausnar sem formaður stjórnar frá og með 21. október 2024. Friðrik Árni Friðriksson Hirst var skipaður formaður frá 19. desember 2024, eftir tilnefningu dómsmálaráðherra.

Aðrir í stjórn eru Hjördís Hákonardóttir, fyrrverandi hæstaréttardómari, tilnefnd af Hæstarétti Íslands, og Kristín Haraldsdóttir, framkvæmdastjóri dómstólasýslunnar, tilnefnd af dómstólasýslunni. Sonja Hafðís Pálsdóttir, verkefnastjóri hjá Hæstarétti, starfar fyrir sjóðinn.



Fræðsla á vegum dómstólasýslunnar

Námskeið fyrir dómara og aðstoðarmenn dómara 2024

Á árinu sóttu um 170 manns þá fjölbreyttu fræðslu sem var í boði.

Fræðsluerindin voru:

Árslaun við útreikning bóta fyrir varanlega örorku í skilningi skaðabótalaga nr. 50/1993.

Þóra Hallgrímsdóttir, sérfræðingur við Lagadeild HR, fjallaði um skaðabótalögin sem eru orðin 30 ára gömul og því umtalsverð reynsla komin á útreikning bóta á grundvelli laganna. Farið var yfir helstu breytingar sem hafa orðið á 7. gr. skaðabótalaga frá gildistöku þeirra og sjónarmið sem fram hafa komið um mögulegar frekari breytingar.

Málstofa um sáttamiðlun

Ingibjörg Þorsteinsdóttir, dómstjóri HDR, og Ástráður Haraldsson ríkissáttasemjari leiddu málstofu um sáttamiðlun. Fjallað var um efnið frá ýmsum hliðum, m.a. hvað felst í sáttamiðlun og reynslu Norðurlandanna af sáttamiðlun fyrir dómi.

Nýleg dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu (MDE)

Kári Hólmur Ragnarsson, lektor við Lagadeild Háskóla Íslands, hélt fræðsluerindi þar sem kom fram greining og umfjöllun um þýðingarmikla dóma Mannréttindadómstóls Evrópu (MDE).

Málstofa með geðlæknum

Ísafold Helgadóttir, yfirlæknir á bráðageðdeild LSH, og Guðrún Dóra Bjarnadóttir, yfirlæknir á meðferðargeðdeild geðrofssjúkdóma, fræddu dómara um helstu hugtök geðlæknisfræðinnar og meðferð geðsjúkdóma. Hildur Briem, héraðsdómari við HDR, hafði framsögu um efnið, lýsti málsmeðferð Héraðsdóms Reykjavíkur í nauðungarvistunarmálum og gerði grein fyrir breytingum sem hafa orðið með tilkomu dómsals á geðdeild og fleira út frá sjónarhorni dómara. Fundarstjóri var Bergþóra Ingólfsdóttir héraðsdómari

Mat á sönnunarfærslu fyrir dómi – „Assessing witnesses' credibility“

Tim Brennen, prófessor í sálfræði við Háskólann í Osló, fjallaði um mat á sönnunarfærslu. Hann kennir lagalega sálfræði og hefur unnið að rannsóknum um sönnunarfærslu, minni fólks og andlitsgreiningar. Hann hefur verið sérfróður meðdómsmaður í fjölda dómsmála í Noregi og situr í „Kommisjonen for gjenopptakelse av straffesaker“.

Trúverðugleiki vitnisburðar barna

Anna Kaldal, prófessor við lagadeild háskólans í Stokkhólmi, var með fræðslu á fjarfundi um trúverðugleika vitnisburðar barna. Fjallað var um sönnunargögn, viðtals-tækni, sálfræði og viðmið sem eru notuð í Svíþjóð.

Málstofa um réttaröryggi fatlaðs fólks

Málstofa um réttaröryggi fatlaðs fólks var skipulögð í samstarfi við Öryrkjabandalag Íslands (ÖBÍ) og haldin hjá dómstólasýslunni. Markmið málstofunnar var að fjalla um réttindi fatlaðs fólks þegar kemur að dómskerfinu. Framsögu höfðu Flóki Ásgeirsson, lögmaður á Magna lögmenn, og Sigurður Árnason, lögfræðingur hjá ÖBÍ. Flóki sagði frá reynslu sinni sem lögmaður fatlaðs fólks en Sigurður fjallaði um aðlögun málsmeðferðar út frá samningi Sam-einuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Námskeið fyrir nýskipaða dómara voru haldin í nóvember. Þessi námskeið eru haldin reglulega.

- Stjórnun þinghalda – Leiðbeinandi Ásgerður Ragnarsdóttir, dómari við Landsrétt.
- Námskeið um samningu dóma í sakamálum – Leiðbeinandi Eiríkur Tómasson, fyrrverandi hæstaréttar-dómari.
- Námskeið fyrir dómara um samningu dóma í einkamálum – Leiðbeinandi Ásmundur Helgason, dómari við Landsrétt.

Kynningar á niðurstöðum fræðistarfa í námsleyfi

Hervör Þorvaldsdóttir, forseti Landsréttar, og Sigurður Tómas Magnússon, varaforseti Hæstaréttar, kynntu í desember niðurstöður fræðistarfa sinna í námsleyfi.

Málstofa um réttaröryggi fatlaðs fólks



Fræðsla og námskeið skipulögð í samstarfi við Starfsmennt og fleiri aðila.

Upplýsingafundur um breytingar á réttarfarslöggjöf

Breytingar á réttarfarslöggjöf tóku gildi 1. júlí 2024. Hinn 5. júní hélt dómstólasýslan upplýsingafund með starfsfólki dómstólanna þar sem var farið yfir breytingarnar.

Fræðsla um Sharepoint og innri vef dómstólanna

Leiðbeinandi í upplýsingatækni var með fræðslu fyrir starfsfólk dómstólanna um hvernig innri vefurinn og vinnugáttin Askur (sem er settur upp í Sharepoint) tengjast öðrum forritum sem eru í M365-pakkanum.

Leiðir til að takast á við krefjandi viðskiptavini

Örnámskeið þar sem áhersla var lögð á að þátttakendur tileinkuðu sér nytsamlegar leiðir til að takast á við krefjandi viðskiptavini.

Jákvæðni og vellíðan í lífi og starfi

Á námskeiðinu voru kynntar rannsóknir jákvæðrar sálfræði á því hvað einkennir einstaklinga sem ná á farsælan hátt að þroskast og aðlagast ólíkum aðstæðum í lífi sínu. Fjallað var um hamingjuaukandi leiðir sem eru byggðar á rannsóknum á því hvað eykur vellíðan og hamingju.

Varnarviðbrögð

Mikilvægt er að kunna að bregðast rétt við ef erfiðar og óæskilegar aðstæður skapast í starfi. Því var lýst hvernig þekkja má einkenni hegðunar sem gæti leitt til átaka og ofbeldis og hvernig bregðast eigi við á öruggan hátt. Þá var einnig farið yfir leiðir til að koma viðkomandi úr árásarham í jafnvægi.


Tölvufærni

Í samvinnu við Starfsmennt var boðið upp á vefnám með valfrjálsu upphafi og tímasetningu. Boðið var upp á grunn- og framhaldsnámskeið í Excel, grunn- og framhaldsnámskeið í Word, námskeið í Outlook, í verkefna- og tímastjórnun, hugarkortum (e. mind mapping) og í Microsoft Teams.

Önnur fræðsla

Námskeið fyrir matsmenn

Dómstólasýslan og Lögmannafélag Íslands stóðu fyrir tveggja daga námskeiði fyrir dómkvadda matsmenn. Farið var yfir hlutverk þeirra og starf frá dómkvaðningu og þar til þeir skila matsgerð og/eða mæta fyrir dóm. Í lok síðari námskeiðsdags var farið í Héraðsdóm Reykjavíkur þar sem nánar var upplýst um samskipti dómkvaddra matsmanna við dómstólana. Þetta er áttunda árið sem námskeið fyrir matsmenn er haldið, en 54 sérfræðingar sóttu námskeiðið í ár. Kennari á námskeiðinu var Viðar Lúðvíksson, lögmaður hjá Landslögum. Lögmannafélag Íslands heldur utan um lista yfir þá sem hafa sótt námskeiðið og vilja vera til taks sem matsmenn. Uppfærðar upplýsingar um þá eru sendar á dómstóla og lögmenn í byrjun hvers árs, en í lok árs voru 239 á listanum. Hafði þeim fjölgað um 25 frá árinu áður.





**Áherslurnar styðja einkum
eftirfarandi markmið:**

1. **Þjónusta:**
Traust til dómstóla
2. **Mannauður:**
Eftirsóknarvert starfsumhverfi

Húsnæðis- og öryggismál

Áherslur í húsnæðismálum

Húsnæðismál dómstólanna hafa verið til skoðunar um árabíl. Af hálfu dómstólasýslunnar hefur verið lögð áhersla á að ákvarðanataka um framtíðarhúsnæði dómstóla eigi að byggjast á vandaðri greiningu á þörfum þeirra til framtíðar. Á árinu var hafin vinna af hálfu Framkvæmdasýslunnar – Ríkiseigna, í samvinnu við dómsmálaráðuneytið og dómstólasýsluna, um almenn viðmið um húsnæði dómstóla sem lögð verða til grundvallar við þarfagreiningu.

Þá luku Framkvæmdasýslan – Ríkiseignir vinnu við frummatsskýrslu um húsnæði Héraðsdóms Norðurlands eystra, sem bæði Héraðsdómur Norðurlands eystra og dómstólasýslan komu að.

Úttekt á öryggi í húsnæði dómstóla

Ríkislögreglustjóri lauk úttekt á öryggi í húsnæði allra dómstóla haustið 2024. Úttektin var byggð á öryggisviðmiðum sem unnin voru í samvinnu við Ríkislögreglustjóra. Í kjölfarið hófst vinna að forgangsroðun og nauðsynlegum breytingum.



ÖNNUR VERKEFNI

og sjálfstæðar nefndir með aðsetur hjá dómstólasýslunni

Reglur

Dómstólasýslan gefur út reglur með það að markmiði að tryggja samræmda framkvæmd hjá dómstólum.

Eftirtaldar reglur voru samþykktar í stjórn dómstólasýslunnar á árinu 2023 en tóku gildi 1. janúar 2024:

- Reglur um málsvarnarlaun eða þóknun til verjenda og þóknun til réttargæslumanna o.fl. nr. 1/2024
- Reglur um ákvörðun málskostnaðar við áritun stefnu í útvistarmáli skv. 113. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála nr. 2/2024
- Reglur um sérfróða meðdómsmenn nr. 3/2024
- Reglur um námsleyfi dómara nr. 4/2024
- Reglur um fjárhæð skiptatrygginga og skipun skiptastjóra og umsjónarmanns með nauðasamningsumleitunum nr. 5/2024

Reglur sem voru samþykktar í stjórn dómstólasýslunnar og tóku gildi á árinu 2024:

- Reglur um aðgang almennings að gögnum og upplýsingum um einstök mál hjá Landsrétti og héraðsdómstólum eftir að þeim er endanlega lokið nr. 6/2024
- Reglur um útgáfu dagskrár héraðsdómstóla nr. 7/2024
- Reglur um form, afhendingarmáta og staðfestingu skjala í dómsmálum nr. 8/2024

Reglur sem voru samþykktar í stjórn dómstólasýslunnar á árinu 2024 og taka gildi á árinu 2025:

- Reglur um málsvarnarlaun eða þóknun til verjenda og þóknun til réttargæslumanna o.fl. nr. 1/2025
- Reglur um sérfróða meðdómsmenn nr. 2/2025

- Reglur um útgáfu dagskrár héraðsdómstólanna nr. 3/2025
- Reglur um form, afhendingarmáta og staðfestingu skjala í dómsmálum nr. 1662/2024

Skipun skiptastjóra

Hinn 1. janúar 2024 tóku gildi nýjar leiðbeinandi reglur dómstólasýslunnar um fjárhæð skiptatrygginga og skipun skiptastjóra og umsjónarmanns með nauðasamningsumleitunum. Reglurnar leystu af hólmi eldri reglur um skipun skiptastjóra og umsjónarmanns með nauðasamningsumleitunum. Markmiðið með endurskoðun reglnanna var að auka gegnsæi við skipun skiptastjóra og samræma verklag hjá héraðsdómstólunum. Í hinum nýju reglum er kveðið á um fjárhæð skiptatrygginga, að haldin skuli skrá yfir þau sem óska eftir skipun sem skiptastjórar eða umsjónarmenn, til hvaða atriða skuli litið við val á skiptastjóra, eftirlit með störfum skiptastjóra og upplýsingagjöf dómstólasýslunnar um skipun skiptastjóra. Á grundvelli reglnanna útbjó dómstólasýslan, í samvinnu við héraðsdómstóla, sameiginlega skrá yfir þau sem óskað hafa eftir að verða skipuð skiptastjórar eða umsjónarmenn með nauðasamningsumleitunum. Þar er meðal annars að finna upplýsingar um hæfi þeirra til að gegna skiptastjórn sem og upplýsingar um fyrri störf þeirra sem skiptastjórar. Skráin er aðgengileg öllum héraðsdómstólunum. Við innleiðingu reglnanna var haldinn fundur með fulltrúum allra héraðsdómstólanna. Auk þess fengu allir félagsmenn Lögmannafélags Íslands tölvupóst um reglurnar og hlekk til þess að skrá sig á fyrrnefnda skrá en hlekkinn er einnig að finna á heimasíðu dómstólasýslunnar.


Um útgáfu dóma og úrskurða á vefsíðum dómstóla

Dómstólar gefa út dómsúrlausnir í samræmi við ákvæði laga nr. 50/2016 um dómstóla og reglur dómstólasýslunnar nr. 3/2022 um útgáfu dóma og úrskurða á vefsíðum dómstóla, sem settar eru á grundvelli 6. mgr. 7. gr. fyrrgreindra laga.

Reglur um útgáfu dómsúrlausna taka mið af grundvallarreglum um réttláta og opinbera málsmeðferð og rétti almennings til aðgangs að upplýsingum um réttarframkvæmd. Þá eiga þær að veita dómstólum aðhald og stuðla að því að borgarar geti treyst því að allir njóti jafnræðis við úrlausn mála fyrir dómstólum. Við útgáfu dómsúrlausna skal jafnframt gætt að stjórnarskrárvörðum rétti til friðhelgi einkalífs og sjónarmiðum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Útgáfu dómsúrlausna eru því settar vissar skorður sem endurspeglast í reglum og ákvörðunum um útgáfu dóma.

Framangreind lög og reglur gera þannig ráð fyrir því að þegar dómsúrlausnir Hæstaréttar, Landsréttar, héraðsdómstóla og Endurupptökudóms eru gefnar út skuli nema á brott úr þeim viðkvæmar upplýsingar sem þar koma fram og eðlilegt þykir að leynt fari. Þá er útgáfa dómsúrlausna sem kveðnar eru upp í héraði bundin frekari takmörkunum en samkvæmt 2. mgr. 38. gr. laga nr. 50/2016 og 6 gr. reglna nr. 3/2022 skulu ákveðnar dómsúrlausnir héraðsdómstóla ekki gefnar út.

Hlutfall útgefinna dómsúrlausna í héraði verður því að skoða í ljósi framangreindra reglna og viðmiða. Með hliðsjón af því sem að framan greinir voru til útgáfu um 410 dómur og úrskurðir í munnlega fluttum einkamálum sem kveðnar voru upp á árinu 2024. Um 380 úrlausnir hafa verið gefnar út á vefsíðum dómstóla og er útgáfuhlutfallið því um 93%. Í ákærumálum voru til útgáfu um 920 dómsúrlausnir sem kveðnar voru upp á árinu 2024. Um 820 dómsúrlausnir hafa verið gefnar út á vefsíðum dómstóla og útgáfuhlutfall því um 89%.



Útgáfa dóma og úrskurða á vefsíðum dómstóla

	Dómsúrlausnir til útgáfu	Útgefnar dómsúrlausnir á vef	Útgáfuhlutfall %
Munnlega flutt einkamál	410	380	93%
Ákærumál	920	820	89%

Sérfróðir meðdómsmenn

Eitt af hlutverkum dómstólasýslunnar er að tilnefna hæflegan fjölda sérfróðra meðdómsmanna, sbr. VII. kafla laga um dómstóla. Sérfróðir meðdómsmenn eru kallaðir til í málum þar sem sérkunnáttu er þörf til þess að leysa úr máli. Markmið kvaðningar sérfróðra meðdómsmanna er að auka gæði dómsúrlausna og traust á störfum dómstóla. Gert er ráð fyrir að dómstólasýslan tilnefni aðila með sérkunnáttu á öðrum sviðum en lögfræði til fimm ára í senn til að gegna störfum sérfróðra meðdómsmanna á helstu sviðum þar sem reynir á slíka þekkingu við meðferð mála fyrir héraðsdómi og Landsrétti. Sjá nánar á [vef dómstóla](#).

Dómstólasýslan tilnefndi árið 2024 35 einstaklinga til þess að gegna störfum sérfróðra meðdómsmanna til næstu fimm ára. Við árslok 2024 voru þeir 233 talsins.

Nefnd um dómarastörf

Nefnd um dómarastörf er sjálfstæð og óháð nefnd sem starfar á grundvelli dómstólalaga nr. 50/2016. Nefndinni er ætlað að styrkja stöðu dómstólanna sem sjálfstæðra og óháðra stofnana, jafnt inn á við sem út á við. Nefndin hefur aðsetur hjá dómstólasýslunni sem veitir henni margvíslega aðstoð, m.a. við að skrá mál og birta álit á vef dómstólasýslunnar og við birtingu á hagsmunaskráningu dómara.

Hinn 15. maí 2024 tók Andri Fannar Bergþórsson, dósent við Háskólann í Reykjavík, sæti í nefndinni í stað Sindra M. Stephensen, dósentis við sama skóla, sem vék úr nefndinni 3. apríl 2024. Aðrir nefndarmenn eru Ragnheiður Thorlacius, fyrrverandi héraðsdómari, formaður nefndarinnar, og Sigrún Guðmundsdóttir, fyrrverandi héraðsdómari.

Nefndin hefur sett sér reglur um birtingu álit en nánari upplýsingar um nefndina, aukastörf dómara, álit og ákvarðanir má finna á [domstolar.is](#).

[Sjá ársskýrslu nefndar um dómarastörf 2024.](#)

Dómnefnd um hæfni umsækjenda um embætti dómara

Dómnefnd um hæfni umsækjenda um embætti dómara er sjálfstæð og óháð nefnd sem fjallar um hæfni umsækjenda um embætti hæstaréttardómara, landsréttardómara og héraðsdómara sem og embætti dómenda við Endurupptökudóm. Dómnefndin starfar á grundvelli III. kafla laga nr. 50/2016 um dómstóla og hefur aðstöðu hjá dómstólasýslunni. Nefndin hélt 48 fundi á árinu í húsakynnum dómstólasýslunnar. Starfsmaður dómstólasýslunnar gegnir stöðu ritara hennar.

Dómnefndin lætur ráðherra í té skriflega og rökstudda umsögn um umsækjendur um embætti dómara þar sem tekin skal afstaða til þess hvaða umsækjandi sé hæfastur til að hljóta embættið. Í upphafi árs skipuðu dómnefndina Ása Ólafsdóttir hæstaréttardómari, sem jafnframt er formaður nefndarinnar, Kristín Benediktsdóttir prófessor, Helga Melkorka Óttarsdóttir lögmaður, Þorgeir Örlygsson, fyrrverandi hæstaréttardómari, og Reimar Snæfells Pétursson lögmaður. Skipunartími í dómnefndina er fimm ár, þó þannig að hvert ár rennur út skipunartími eins aðalmanns og varamanns hans. Skipunartími Helgu Melkorku Óttarsdóttur og varamanns hennar, Sigríðar Þorgeirsdóttur lögmans, rann út á árinu. Samkvæmt tilnefningu Alþingis var skipun þeirra endurnýjuð frá og með 1. júlí 2024. Þá fékk Kristín Benediktsdóttir lausn frá störfum sem nefndarmaður á árinu er hún var kosin umboðsmaður Alþingis. Samkvæmt tilnefningu Landsréttar skipaði dómsmálaráðherra Jóhannes Sigurðsson landsréttardómara sem aðalmann í nefndina í hennar stað og Kjartan Bjarna Björgvinsson landsréttardómara sem varamann hans frá og með 7. nóvember 2024.

Nefndin veitti ráðherra umsögn vegna auglýsinga um skipun í sex embætti dómara á árinu. Um var að ræða þrjú embætti héraðsdómara, eitt embætti dómara við Landsrétt, eitt embætti dómara við Hæstarétt og eitt embætti dómanda við Endurupptökudóm. Jafnframt veitti dómnefndin umsögn vegna einnar setningar í embætti héraðsdómara og einnar setningar í embætti dómara við Landsrétt á árinu.

Dómsmálaráðherra auglýsti embætti héraðsdómara með fyrsta starfsvettvang við Héraðsdóm Reykjavíkur laust til umsóknar 15. desember 2023 og bárust alls fjórar

umsóknir. Einn umsækjandi afturkallaði umsókn sína. Niðurstaða dómnefndar lá fyrir 5. febrúar 2024 þar sem hún mat tvo umsækjendur hæfasta til að hljóta skipun í embættið. Ráðherra skipaði Finn Vilhjálmsson, settan héraðsdómara, í embættið.

Hinn 16. febrúar 2024 var setning í embætti héraðsdómara með fyrsta starfsvettvang við Héraðsdóm Reykjavíkur auglýst laus til umsóknar og bærust tvær umsóknir. Dómnefnd skilaði ráðherra umsögn sinni 21. mars 2024 þar sem hún mat Sindra M. Stephensen dósent hæfastan til að hljóta setningu í embættið.

Skipun í embætti dómara við Hæstarétt var auglýst laus til umsóknar 1. mars 2024 og sóttu fjórir um. Niðurstaða dómnefndar lá fyrir 15. maí 2024 og var Skúli Magnússon, umboðsmaður Alþingis, metinn hæfastur til að hljóta skipun í embætti dómara við Hæstarétt.

Skipun í embætti dómara við Landsrétt var auglýst laus til umsóknar 19. apríl 2024 og bærust þrjár umsóknir. Niðurstaða dómnefndar lá fyrir 3. júní 2024 og var Kjartan Bjarni Björgvinsson, settur landsréttardómari, metinn hæfastur til að hljóta skipun í embætti dómara við Landsrétt.

Fimm sóttu um setningu í embætti dómara við Landsrétt sem auglýst var laus til umsóknar 14. júní 2024. Í umsögn dómnefndar 10. september 2024 voru tveir umsækjendur metnir hæfastir til að hljóta setningu í embættið. Ráðherra skipaði Eyvind G. Gunnarsson prófessor í embætti dómara við Landsrétt.

Hinn 16. ágúst 2024 voru auglýst laus til umsóknar tvö embætti héraðsdómara. Annars vegar var þetta skipun í embætti héraðsdómara með fyrsta starfsvettvang við Héraðsdóm Austurlands og hins vegar skipun í embætti héraðsdómara sem hefði starfsstöð við Héraðsdóm Vestfjarða en sinnti störfum við alla héraðsdómstóla eftir ákvörðun dómstólasýslunnar. Sex sóttu um framangreind embætti og komst dómnefnd að þeirri niðurstöðu í umsögn sinni 16. október 2024 að tveir umsækjendur væru hæfastir til að hljóta skipun í þau. Ráðherra skipaði Hákon Þorsteinsson lögfræðing í embætti héraðsdómara með fyrsta starfsvettvang við Héraðsdóm Austurlands og Odd Þorra Viðarsson lögfræðing í embætti héraðsdómara sem hefði fyrstu starfsstöð við Héraðsdóm Vestfjarða

en sinnti störfum við alla héraðsdómstóla eftir ákvörðun dómstólasýslunnar.

Tveir sóttu um skipun í embætti dómanda við Endurupp-tökudóm sem auglýst var laust til umsóknar 11. október 2024. Niðurstaða dómnefndar lá fyrir 17. desember 2024 og var Berglind Svavarsdóttir lögmaður metin hæfust til að hljóta skipun í embættið.

Á árinu 2024 var Kristín Benediktsdóttir prófessor sett í embætti dómara við Landsrétt í rúma fjóra mánuði að tillögu dómnefndar. Hún fékk lausn frá dómsstörfum 18. október 2024 og að tillögu nefndarinnar var Eiríkur Elís Þorláksson dósent þá settur í hennar stað út setningartímann, eða til og með 10. desember 2024. Tveir voru settir héraðsdómarar í sex mánuði, þeir Sindri M. Stephensen við Héraðsdóm Reykjavíkur og Ingvar Þóroddsson við Héraðsdóm Norðurlands eystra. Þá gerði nefndin tillögu um setningu þriggja varadómara til meðferðar fimm mála fyrir Landsrétti og tillögu um setningu þriggja varadómara til að taka afstöðu til beiðni um leyfi til að áfrýja máli til Hæstaréttar.

Sjálfbærni og umhverfisvitund

Unnið er markvisst að því að minnka kolefnisspor í samræmi við stefnu stjórnvalda þar um. Lögð er áhersla á stafrænar lausnir til að draga úr pappírshotkun og ferðum. Hvatt er til umhverfisvæns ferðamáta og leitast við að draga úr soun.

Umhverfisstefna


Dómstólarnir og dómstólasýslan samþykktu loftslagsstefnu árið 2021 í samræmi við lög um loftslagsmál, eins og þeim var breytt með lögum nr. 86/2019. Stefnan tekur til alls reksturs dómstólanna og varðar allt starfsfólk þeirra. Hún tekur m.a. til samgangna, innkaupa, orkunotkunar, úrgangsmýndunar og umhverfisfræðslu. Stefnunni er fylgt eftir með þátttöku í verkefninu Græn skref sem er í umsja Umhverfisstofnunar. Dómstólarnir og dómstólasýslan hafa uppfyllt þrjú skref af fimm. Með þátttöku í Grænum skrefum vilja dómstólarnir og dómstólasýslan draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum af starfsemi sinni og efla umhverfisvitund starfsfólks.

MÁLATÖLUR

Í meðfylgjandi töflum er samantekt yfir áfrýjuð einkamál og sakamál í Hæstarétti og Landsrétti á árinu 2024 ásamt samanlögðum fjölda einkamála og sakamála í héraðsdómstólunum átta og yfirliti yfir málsmeðferðartíma á öllum dómstigum. Nánari sundurliðun á málafjölda og málategundum er að finna í umfjöllun um hvert dómstig fyrir sig.


Hæstiréttur - Innkomin mál	Fjöldi mála:
Einkamál áfrýjað	30
Einkamál kært	18
Sakamál áfrýjað	6
Sakamál kært	2
Samtals	56

Hæstiréttur árið 2024




Landsréttur - Innkomin mál	Fjöldi mála:
Einkamál áfrýjað	226
Einkamál kært	222
Sakamál áfrýjað	112
Sakamál kært	467
Samtals	1027

Landsréttur árið 2024



Héraðsdómstólar - Innkomin mál	Fjöldi mála:
Munnlega flutt einkamál	748
Ákærumál	1754
Samtals	2502

Héraðsdómstólar árið 2024



Hæstiréttur

Fjöldi mála

Hæstiréttur hafði til afgreiðslu 80 mál árið 2024, þar af voru 24 óafgreidd í ársbyrjun og 56 mál bárust á árinu. Í árslok voru 19 mál óafgreidd.

Dæmd mál og málsmeðferðartími

Á árinu 2024 dæmdi Hæstiréttur í 60 málum, þar af voru 42 áfrýjuð einka- og sakamál og 19 kærð einka- og sakamál. Málsúrslit voru staðfest í 31 máli árið 2024, þeim breytt að einhverju leyti í fimm málum, breytt að verulegu leyti í einu máli en snúið við, ómerkt eða vísað frá í 23 málum.

Málsmeðferðartími í Hæstarétti í áfrýjuðum einkamálum, frá því að áfrýjunarstefna var gefin út fram að lyktum, var 238 dagar árið 2024 samanborið við 230 daga árið 2023.

Í áfrýjuðum sakamálum var málsmeðferðartími, frá því að útgefin áfrýjunarstefna barst réttinum frá ríkissaksóknara fram að lyktum, 219 dagar árið 2024 samanborið við 199 daga árið 2023.

Málskotsbeiðnir – áfrýjunar- eða kæruleyfi

Á árinu 2024 bárust Hæstarétti samtals 184 beiðnir um áfrýjunar- eða kæruleyfi og voru 33 beiðnir óafgreiddar frá fyrra ári. Beiðnirnar eru flokkaðar eftir því hvort beiðin var um áfrýjunarleyfi vegna einkamáls eða sakamáls eða kæruleyfi. Alls voru afgreiddar 185 beiðnir á árinu og voru 32 beiðnir óafgreiddar í árslok.

HÆSTIRÉTTUR HAFÐI

80 mál

TIL AFGREIÐSLU ÁRIÐ 2024



Hæstiréttur: Fjöldi mála og afgreiðsla þeirra

Öll innkomin mál og lyktir þeirra	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Óafgreidd mál í ársbyrjun	16	18	20	21	19	24
Innkomin mál á árinu	58	41	56	59	57	56
Mál til afgreiðslu	74	59	76	80	76	80
Dómar	50	38	55	60	51	60
Afturkallað/fellt niður	6	1	0	1	1	1
Samtals afgreidd mál	56	39	55	61	52	61
Óafgreidd mál í árslok	18	20	21	19	24	19

Hæstiréttur: Fjöldi mála og afgreiðsla þeirra – áfrýjuð einkamál

Í töflunni má sjá yfirlit yfir fjölda óafgreiddra áfrýjaðra einkamála í upphafi árs og upplýsingar um lyktir þeirra og fjölda óafgreiddra mála í árslok árin 2019–2024.

Öll innkomin mál og lyktir þeirra	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Óafgreidd mál í ársbyrjun	12	16	12	11	10	21
Innkomin mál á árinu	36	23	25	28	37	30
Mál til afgreiðslu	48	39	37	39	47	51
Dómar	28	27	27	28	25	37
Afturkallað/fellt niður	5	0	0	1	1	1
Samtals afgreidd mál	33	27	27	29	26	38
Óafgreidd mál í árslok	15	12	10	10	21	13

Hæstiréttur: Fjöldi mála og afgreiðsla þeirra – áfrýjuð sakamál

Öll innkomin mál og lyktir þeirra	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Óafgreidd mál í ársbyrjun	1	2	6	6	5	3
Innkomin mál á árinu	3	8	10	14	6	6
Mál til afgreiðslu	4	10	6	20	11	9
Dómar	2	4	11	15	8	5
Afturkallað/fellt niður	0	0	0	0	0	0
Samtals afgreidd mál	2	4	11	15	8	5
Óafgreidd mál í árslok	2	6	5	5	3	4

Hæstiréttur: Fjöldi mála og afgreiðsla þeirra – kærð einkamál

Kærð einkamál	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Óafgreidd mál í ársbyrjun	3	0	2	3	4	0
Innkomin mál á árinu	16	10	16	15	13	18
Mál til afgreiðslu	19	10	18	18	17	18
Dómar	17	7	14	14	17	16
Afturkallað/fellt niður	1	1	0	0	0	0
Samtals afgreidd mál	18	8	14	14	17	16
Óafgreidd mál í árslok	1	2	4	4	0	2

Hæstiréttur: Fjöldi mála og afgreiðsla þeirra – kærð sakamál

Kærð sakamál	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Óafgreidd mál í ársbyrjun	0	0	0	1	0	0
Innkomin mál á árinu	3	0	5	2	1	2
Mál til afgreiðslu	3	0	5	3	1	2
Dómar	3	0	3	3	1	2
Afturkallað/fellt niður	0	0	0	0	0	0
Samtals afgreidd mál	3	0	3	3	0	2
Óafgreidd mál í árslok	0	0	2	0	0	0

Hæstiréttur: Málsmeðferðartími (meðaltal í dögum)

Tegund mála	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Áfrýjuð einkamál	141	205	200	189	230	238
Áfrýjuð sakamál	0	173	164	207	199	219
Kærð einkamál	49	72	31	39	65	43
Kærð sakamál	11	0	12	53	15	2,5
Öll mál	98	177	137	175	166	177

Hæstiréttur: Málsúrslit dæmdra mála

Dæmd mál	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Staðfest	30	20	22	19	20	31
Breytt að einhverju leyti		5	7	9	6	5
Breytt að verulegu leyti	2	2	2	4	3	1
Snúið við	5	5	8	8	9	16
Ómerking/frávísun	13	6	14	20	11	7
Samtals dómar	50	38	53	60	51	60



Landsréttur

Fjöldi mála

Á árinu 2024 bárust Landsrétti 1017 ný mál. Af þeim voru 226 áfrýjuð einkamál og 112 áfrýjuð sakamál. Þetta er talsverð fjölgun milli ára en til samanburðar bárust Landsrétti 912 ný mál árið 2023.

Dæmd mál og málsmeðferðartími

Á árinu 2024 voru leidd til lykta 1059 mál, þar af lauk 953 málum með dómi eða úrskurði en 106 mál voru felld niður. Niðurstaða héraðsdóms var staðfest í 676 málum, henni breytt að einhverju leyti í 102 málum og breytt verulega eða snúið við í 124 málum.

Meðalmálsmeðferðartími í Landsrétti í áfrýjuðum einkamálum, frá útgáfu áfrýjunarstefnu fram að lyktum, var 385 dagar árið 2024.

Meðalmálsmeðferðartími í áfrýjuðum sakamálum, frá þingfestingu máls fram að lyktum, var 162 dagar árið 2024. Talsverður tími getur liðið frá því að ákærvaldið gefur út áfrýjunarstefnu og tilkynnir Landsrétti um áfrýjun þar til málgögn eru tilbúin og lögð fram í réttinum en við það síðara tímamark miðast þingfesting. Gerð málgagna er á ábyrgð ákærvaldsins en viðkomandi héraðsdómi ber að afhenda ákærvaldinu dómsgerðir. Til dómsgerða teljast endurrit og hljóðupptökur af munnlegum framburði fyrir héraðsdómi. Tíminn frá skráningu fram að þingfestingu var að meðaltali 178 dagar árið 2024.

Áfrýjuð mál

Á árinu 2024 voru leidd til lykta 1059 mál, þar af lauk 953 málum með dómi eða úrskurði en 106 mál voru felld niður. Niðurstaða héraðsdóms var staðfest í 676 málum, henni breytt að einhverju leyti í 102 málum og breytt verulega eða snúið við í 124 málum.

Málum er unnt að skjóta til Landsréttar með áfrýjun eða kæru. Málsmeðferð í áfrýjuðum málum er munnleg þar sem við aðalmeðferð mála er unnt að leiða aðila og vitni til skýrslugjafar.

LANDSRÉTTI BÁRUST

1.017 ný mál

ÁRIÐ 2024

Landsréttur afgreiddi 460 áfrýjuð mál á árinu 2024, 255 einkamál og 205 sakamál, þar af voru kveðnir upp dómur eða úrskurðir í 384 málum en 76 mál voru felld niður. Á árinu kvað Landsréttur upp dóma eða úrskurði í 196 einkamálum en 59 mál voru felld niður. Niðurstaða héraðsdóms var staðfest í 111 málum, henni breytt að einhverju leyti í 24 málum, breytt verulega eða snúið við í 42 málum en 19 mál voru ómerkt eða þeim vísað frá dómi.

Landsréttur kvað upp dóma eða úrskurði í 111 áfrýjuðum sakamálum en 17 mál voru felld niður. Niðurstaða héraðsdóms var staðfest í 47 málum, henni breytt að einhverju leyti í 38 málum, breytt verulega eða snúið við í 24 málum en tvö mál voru ómerkt eða þeim vísað frá dómi.

Kærð mál

Einkamál sem hægt er að skjóta til Landsréttar með kæru eru annars vegar ágreiningur sem lýtur að réttarfarsatriðum og hins vegar mál sem löggjafinn hefur metið svo að þyrftu skjótrar úrlausnar við. Almennt fer ekki fram aðalmeðferð í slíkum málum.

Landsréttur afgreiddi 676 kærð mál á árinu 2024, 205 einkamál og 471 sakamál, þar af voru kveðnir upp úrskurðir í 646 málum en 30 voru felld niður. Niðurstaða héraðsdóms var staðfest eða henni breytt að einhverju leyti í 558 málum en breytt verulega eða snúið við í 60 málum. 30 mál voru ómerkt eða vísað frá dómi.

Landsréttur: Fjöldi mála og afgreiðsla þeirra

Öll innkomin mál og lyktir þeirra	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Óafgreidd mál í ársbyrjun	283	373	353	380	366	350
Innkomin mál á árinu	889	754	805	840	912	1017
Mál til afgreiðslu	1172	1127	1158	1220	1278	1377
Dómar	705	702	705	762	838	953
Afturkallað/fellt niður	94	72	73	92	90	106
Samtals afgreidd mál	799	774	778	854	928	1059
Óafgreidd mál í árslok	373	353	380	366	350	318

Landsréttur: Fjöldi mála og afgreiðsla þeirra – áfrýjuð einkamál

Áfrýjuð einkamál	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Óafgreidd mál í ársbyrjun	184	200	225	264	250	241
Innkomin mál á árinu	289	228	273	268	238	226
Mál til afgreiðslu	473	428	498	532	488	467
Dómar og úrskurðir	217	170	181	220	193	196
Afturkallað/fellt niður	56	33	53	62	54	59
Samtals afgreidd mál	273	203	234	282	247	255
Óafgreidd mál í árslok	200	225	264	250	241	212

Landsréttur: Fjöldi mála og afgreiðsla þeirra – áfrýjuð sakamál

Áfrýjuð sakamál	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Óafgreidd mál í ársbyrjun	88	143	106	91	96	94
Innkomin mál á árinu	147	80	120	106	111	112
Mál til afgreiðslu	235	223	226	197	207	206
Dómar og úrskurðir	81	103	126	96	100	111
Afturkallað/fellt niður	11	14	9	5	13	17
Samtals afgreidd mál	92	117	135	101	113	128
Óafgreidd mál í árslok	143	106	91	96	94	78

Landsréttur: Fjöldi mála og afgreiðsla þeirra – kærð einkamál

Kærð einkamál	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Óafgreidd mál í ársbyrjun	11	21	20	22	19	9
Innkomin mál á árinu	198	219	188	205	187	222
Mál til afgreiðslu	209	240	208	227	206	231
Fjöldi úrskurða	170	203	181	193	185	188
Afturkallað/fellt niður	18	17	5	15	12	17
Samtals afgreidd mál	188	220	186	208	197	205
Óafgreidd mál í árslok	21	20	22	19	9	26

Landsréttur: Fjöldi mála og afgreiðsla þeirra – kærð sakamál

Kærð sakamál	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Óafgreidd mál í ársbyrjun	0	8	2	3	1	6
Innkomin mál á árinu	254	228	224	261	376	467
Mál til afgreiðslu	254	236	226	264	377	473
Fjöldi úrskurða	237	226	217	253	360	458
Afturkallað/fellt niður	9	8	6	10	11	13
Samtals afgreidd mál	246	234	223	263	371	471
Óafgreidd mál í árslok	8	2	3	1	6	2

Landsréttur: Málsmeðferðartími (meðaltal í dögum)

Tegund mála	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Áfrýjuð einkamál	227	326	352	345	375	385
Áfrýjuð sakamál	198	243	253	191	158	162
Kærð einkamál	35	37	33	33	32	31
Kærð sakamál	3	7	3	4	3	3

- Málsmeðferðartími áfrýjaðra einkamála telst frá því að áfrýjunarstefna er gefin út að lyktum.
- Málsmeðferðartími áfrýjaðra sakamála telst frá þingfestingu máls að lyktum.

Meðaldagafjöldi áfrýjaðra sakamála frá skráningu máls að þingfestingu.

2019	2020	2021	2022	2023	2024
154	194	130	159	168	178

Landsréttur: Málsúrslit innkominna mála

Áfrýjuð mál	Einkamál			Sakamál		
	2022	2023	2024	2022	2023	2024
Staðfest	120	108	111	29	33	47
Breytt að einhverju leyti	30	29	24	41	32	38
Breytt verulega eða snúið við	54	36	42	21	29	24
Ómerking eða frávisun	16	20	19	5	6	2
Niðurfelld mál	62	54	59	5	13	17
Samtals áfrýjuð mál	282	247	255	101	113	128

Kærð mál	Einkamál			Sakamál		
	2022	2023	2024	2022	2023	2024
Staðfest	128	126	130	166	287	388
Breytt að einhverju leyti	12	11	11	45	30	29
Breytt verulega eða snúið við	26	27	27	31	35	31
Ómerking eða frávisun	27	21	20	11	8	10
Niðurfelld mál	15	12	17	10	11	13
Samtals kærð mál	208	197	205	263	371	471

Héraðsdómstólarnir

Fjöldi dómsmála og meðferð þeirra hjá héraðsdómstólunum

Þegar þróun fjölda dómsmála og meðferðar þeirra hjá héraðsdómstólunum er skoðuð er fyrst og fremst horft til munnlega fluttra einkamála og sakamála enda vega þau þyngst hjá héraðsdómstólum.

Fjöldi mála


Alls bárust 13.100 mál til héraðsdómstólanna árið 2024 samanborið við 13.618 árið 2023. Það er lítils háttar fækkun frá árinu á undan, en talsvert yfir meðaltali síðustu þriggja ára þar áður.

HÉRAÐSDÓMSTÓLUM BÁRUST

13.100 mál

ÁRIÐ 2024

Heildarfjöldi dómsmála hjá héraðsdómstólunum



Heildarfjöldi innkominna mála og afgreiðsla þeirra

Fjöldi mála - allir héraðsdómstólar	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Óafgreidd mál í ársbyrjun	3091	2668	2820	2135	2566	2597
Innkomin mál á árinu	15.380	14.643	10.651	10.530	13.618	13.100
Mál til afgreiðslu	18.471	17.311	13.471	12.665	16.184	15.697
Samtals afgreidd mál	15.595	14.423	11.258	10.083	12.978	13.333
Óafgreidd mál í árslok	2668	2820	2135	2566	2597	2364

Málsferðartími

Málsmeðferðartími munnlega fluttra einkamála var 393 dagar árið 2024 að meðaltali en 225 þegar miðgildi er reiknað. Málsmeðferðartími ákærumála var annars vegar 177 dagar í málum frá héraðssaksóknara en 149 að miðgildi og hins vegar 92 dagar í málum frá lögreglu en 64 dagar að miðgildi.

Heildarmálsmeðferðartími allra héraðsdómstóla í munnlega fluttum einkamálum og ákærumálum frá héraðssaksóknara og lögreglu


Tegund máls	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024	MG 2022	MG 2023	MG 2024
Einkamál munnleg	357	326	368	362	394	365	393	293	279	225
Sakamál - héraðssaksóknari	157	201	160	202	175	157	177	121	118	149
Sakamál - lögregla	89	94	102	131	116	100	92	76	64	64

Einkamál

Einkamál eru annars vegar munnlega flutt og hins vegar flutt skriflega. Þegar einkamáli er stefnt fyrir héraðsdómstól og það tekið til varnar er því úthlutað dómara til meðferðar. Ef ekki takast sættir eða mál er felld niður af öðrum ástæðum fer það til munnlegs málflutnings fyrir dómstólum. Ef ekki er tekið til varnar í einkamáli lýkur því með áritun eða útvistardómi og telst það því skriflega flutt.

Alls komu 748 einkamál til munnlegs málflutnings á árinu 2024 en 787 einkamálum var lokið. Óafgreidd munnlega flutt einkamál í árslok voru 585. Málsmeðferðartími munnlega fluttra einkamála, frá þingfestingu máls fram að lyktum þess, var að meðaltali 393 dagar á árinu 2024 en til samanburðar var málsmeðferðartími að meðaltali 365 dagar árið 2023.


Fjöldi munnlega fluttra einkamála, afgreidd, óafgreidd og meðalmálsmeðferðartími frá þingfestingardegi 2015–2024



Fjöldi munnlega fluttra einkamála og afgreiðsla þeirra frá þingfestingardegi 2015–2024

Fjöldi mála - allir héraðsdómstólar	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Óafgreidd mál í ársbyrjun	701	696	820	693	634	624
Innkomin mál í ársbyrjun	875	890	799	796	725	748
Mál til afgreiðslu	1576	1586	1619	1489	1359	1372
Dæmd munnleg einkamál (dómur/úrskurður)	519	455	567	529	444	475
Samtals afgreidd mál	749	728	901	843	738	787
Óafgreidd mál í árslok	696	820	693	634	624	585

Skriflega flutt einkamál 2015–2024




Fjöldi skriflega fluttra mála og afgreiðsla þeirra

Fjöldi mála - allir héraðsdómstólar	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Óafgreidd mál í ársbyrjun	832	393	369	282	466	458
Innkomin mál í ársbyrjun	6017	4799	3399	3276	3785	4878
Mál til afgreiðslu	6849	5192	3768	3558	4251	5336
Samtals afgreidd mál	6452	4823	3453	3108	3557	4797
Óafgreidd mál í árslok	393	369	282	466	458	539

Ákærumál

Alls komu 1754 ákærumál til meðferðar héraðsdómstólanna árið 2024. Í heild var 1714 lokið á árinu og 701 máli ólokið um áramót. Málsmeðferðartími ákærumála, frá þingfestingu máls fram að lyktum þess, var að meðaltali 100 dagar á árinu 2024 en til samanburðar var málsmeðferðartími að meðaltali 107 dagar á árinu 2023.

Innkomin ákærumál, afgreidd, óafgreidd og meðalmálsmeðferðartími 2015–2024



Fjöldi ákærumála frá héraðssaksóknara og afgreiðsla þeirra

Fjöldi mála - allir héraðsdómstólar	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Óafgreidd mál í ársbyrjun	93	108	122	132	94	101
Innkomin mál í ársbyrjun	222	213	195	189	192	174
Mál til afgreiðslu	315	321	317	321	286	275
Samtals afgreidd mál	198	199	182	226	187	160
Óafgreidd mál í árslok	108	122	132	94	101	115


Fjöldi ákærumála frá lögreglu og afgreiðsla þeirra

Fjöldi mála - allir héraðsdómstólar	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Óafgreidd mál í ársbyrjun	483	481	608	492	525	560
Innkomin mál í ársbyrjun	1946	1759	1236	1284	1660	1580
Mál til afgreiðslu	2429	2240	1844	1776	2185	2140
Samtals afgreidd mál	1926	1628	1348	1239	1520	1554
Óafgreidd mál í árslok	481	608	492	525	560	586

Gjaldprotamál


Árið 2024 bárust héraðsdómstólunum 1477 beiðnir um gjaldprotaskipti samanborið við 3076 árið 2023. Uppkveðnir gjaldþrotaúrskurðir einstaklinga voru 125 árið 2024 en 124 árið 2023. Uppkveðnir gjaldþrotaúrskurðir lögaðila voru 861 árið 2024 en 1354 árið 2023.

Fjöldi gjaldprotaskiptabeiðna sem bárust héraðsdómstólunum 2015–2024



*Þá miklu fjölgun sem varð á beiðnum árið 2023 má rekja til sérstakrar skipta/slitameðferðar sem mælt er fyrir um í bráðabirgðaaákvæðum í lögum um skráningu raunverulegra eigenda nr. 82/2019, eins og þeim var breytt með lögum nr. 139/2022.

Fjöldi uppkveðinna gjaldþrotaskiptaúrskurða hjá héraðsdómstólunum eftir lögaðilum og einstaklingum 2015–2024




Rannsóknarúrskurðir

Á meðfylgjandi súluriti sést þróun fjölda uppkveðinna rannsóknarúrskurða hjá héraðsdómstólunum á tímabilinu 2015–2024. Rannsóknarúrskurðir eru af ýmsu tagi, t.d. úrskurðir um húsleit, símhlerun, farbann, gæsluvarðhald o.fl. Tvær tegundir rannsóknarúrskurða eru tiltekna sérstaklega í töflunni, þ.e. úrskurðir um húsleit og gæsluvarðhald.

Árið 2024 voru kveðnir upp samtals 2310 rannsóknarúrskurðir hjá héraðsdómstólunum. Þar af voru 210 húsleitarúrskurðir og 862 gæsluvarðhaldsúrskurðir og af þeim voru 526 úrskurðir um framlengingu gæsluvarðhalds.

Rannsóknarúrskurðir 2015–2024



ENDURUPPTÖKUDÓMUR LAUK

6 málum

ÁRIÐ 2024

Endurupptökudómur

Á árinu 2024 lauk Endurupptökudómur sex málum. Í mála-skrá Endurupptökudóms voru skráð sjö mál á árinu 2024, fjórar beiðnir vegna einkamála og þrjár vegna sakamála.



Úrlausnir sem óskað var endurupptöku á voru frá:

	2021	2022	2023	2024
Hæstiréttur	18	16	3	0
Landsréttur	12	13	6	3
Héraðsdómstólar	11	3	6	4
Samtals	41	32	15	7

Málum lokið

	2021	2022	2023	2024
Beiðni hafnað	11	12	18	3
Beiðni samþykkt	6	15	10	2
Beiðni vísað frá	7	1	2	1
Beiðni afturkölluð	3	1	0	0
Samtals	27	29	30	6

FJÁRHEIMILDIR DÓMSTÓLA SAMKVÆMT FJÁRLÖGUM 2024

Stofnun	Heildarfjárheimild
Hæstiréttur	528,2 m.kr.
Héraðsdómsstólar	2.156,6 m.kr.
Landsréttur	906 m.kr.
Dómsstólasýslan	424 m.kr.

Dómstólasýslan
Suðurlandsbraut 14
108 Reykjavík
Sími 432-5010
domstolasyslan@domstolasyslan.is
Framkvæmdastjóri: Kristín Haraldsdóttir

Hæstiréttur Íslands
Dómhúsinu við Arnarhól
101 Reykjavík
Sími 510-3030
haestirettur@haestirettur.is
Forseti Hæstaréttar: Benedikt Bogason

Landsréttur
Vesturvör 2
200 Kópavogur
Sími 432-5300
landsrettur@landsrettur.is
Forseti Landsréttar: Hervör Þorvaldsdóttir

Héraðsdómur Reykjavíkur
Dómhúsinu við Lækjartorg
101 Reykjavík
Sími 432-5200
heradsdomur.reykjavikur@domstolar.is
Dómstjóri: Ingibjörg Þorsteinsdóttir

Héraðsdómur Vesturlands
Bjarnarbraut 8
310 Borgarnes
Sími 432-5030
heradsdomur.vesturlands@domstolar.is
Dómstjóri: Lárentsínus Kristjánsson

Héraðsdómur Vestfjarða
Hafnarstræti 9
400 Ísafjörður
Sími 432-5040
heradsdomur.vestfjarda@domstolar.is
Dómstjóri: Oddur Þorri Viðarsson

Héraðsdómur Norðurlands vestra
Skagfirðingabraut 21
550 Sauðárkrúkur
Sími 455-6444
heradsdomur.nordurlands.vestra@domstolar.is
Dómstjóri: Halldór Halldórsson

Héraðsdómur Norðurlands eystra
Hafnarstræti 107
600 Akureyri
Sími 432-5060
heradsdomur.nordurlands.eystra@domstolar.is
Dómstjóri: Arnbjörg Sigurðardóttir

Héraðsdómur Austurlands
Lyngási 15
700 Egilsstaðir
Sími 432-5070
heradsdomur.austurlands@domstolar.is
Dómstjóri: Hákon Þorsteinsson

Héraðsdómur Suðurlands
Austurvegi 4
800 Selfoss
Sími 432-5080
heradsdomur.sudurlands@domstolar.is
Dómstjóri: Sigurður Gísli Gíslason

Héraðsdómur Reykjaness
Fjarðargötu 9
220 Hafnarfirði
Sími 432- 5100
heradsdomur.reykjaness@domstolar.is
Dómstjóri: Jónas Jóhannsson



DÓMSTÓLASÝSLAN